



## Skýrslur um erindrekstur o.fl. 1956 – 1958, seinni hluti

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Verslunarmál á Austurlandi – Fjórðungsþing ungra  
sjálfstæðismanna – Landsfundur Sjálfstæðisflokkssins – Um blaðið Íslending – Prófkjör í Garða- og  
Bessastaðahrepp og Vestfjarðakjöræmi

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnsmálamaðurinn  
Askja 2-41, Örk 6

Birgir fsl. Gunnarsson

S k ý r s l a

um ferð í Borgarfjarðarsýslu í ágúst 1958

Aðaltilgangur með ferð minni í Borgarfjarðarsýslu var að kanna möguleika á stofnun félags ungra Sjálfstæðismanna í uppsveitum sýslunnar.

Ég hóf það starf með því að ræða við Pétur Ottesen. Hann var mjög fylgjandi því að stofna þyrfti slík samtök. Hins vegar greindi okkur nokkuð á um leiðir til þess. Hann taldi ekki heppilegt, að ég ferðaðist neitt um á þessu stigi málsins, eins og ég hefði helzt kosið. Hann taldi, að aðalstarf mitt nú í þessari ferð ætti að vera að reyna að ná til þeirra ungu Sjálfstæðismanna, sem kæmu á héraðsmótið í Ölver, og ræða við þá þar um væntanlega félagsstofnun.

Aðalröksemadir Péturs fyrir þessari skoðun sinni voru þær, að fylgi Sjálfstæðisflokkssins í sýslunni hefði verið svo persónulegt, að ekki væri heppilegt á þessu stigi málsins, að sendimaður frá floknum heimsækti þá ungu menn, er hann teldi sig hafa átt.

Á héraðsmótinu komst ég í samband við nokkra unga menn og kannaði möguleika á stofnun samtaka meðal ungra Sjálfstæðismanna. Pétur Ottesen tók enn fremur þátt í viðræðum við suma þessa menn. Enda þótt slíkar viðræður hafi að sjálfsögðu verið alveg óskipulegar, tel ég að allmiklir möguleikar séu á því að stofna til slíkra samtaka og að til séu nokkrir ungrir Sjálfstæðismenn í sýslunni, sem líklegir séu til forystu þar. Hins vegar voru allir á einu mali um það, að ekki kæmi til mála annað en að stofna sér samtök fyrir sveitirnar. Eitt félag, sem næði bæði yfir Akranes og uppsveitirnar væri útilokað.

Pétur talaði um, að hann hefði í hyggju að ferðast sjálfur um sýsluna, þegar liði á haustið, til að ræða við unga menn um félagsstofnun. Síðan óskaði hann eftir að maður kæmi frá Sambandi ungra Sjálfstæðismanna, til að feta í sín fótspor og reka smiðshöggvið á stofnun samtakanna. Að sjálfsögðu er mjög nauðsynlegt að fylgjast vel með, að þetta sé gert, því að mjög er nauðsynlegt að efla flokksstarfið í þessari syslu, ekki sízt ef Pétur Ottesen hættir þingmennsku, en hann sagði það hverjum, sem hafa vildi á héraðsmótinu, að hann myndi ekki oftar fara í framboð.

Eins og að ofan getur, hafði ég hugsað mér að ferðast um alla sýsluna, fá trúnaðarmenn fyrir S.U.S., en þeir eru engir til, og undirbúa stofnun félags. Árangur af þessari ferð minni varð því sáralítill.

Félag ungra Sjálfstæðis manna á Akranesi.

Ég ræddi ennfremur við helztu forystumenn F.U.S. á Akranesi. Aðalfundur var haldinn s.l. vetur en áður höfðu liðið tvö ár á milli aðalfunda. Aðalstarfið er fólgíð í því að halda nokkur spilakvöld á vetri hverjum og annast undirbúning að héraðsmótinu í Ölver. Skráðir félagar eru nú um 100 og hefur ekkert verið gert í mörg ár til að auka tölu félaga.

Mér virðist erfitt að finna nokkur ráð, til að auka starfsemi þessa félags eða hressa upp á flokksstarfið á Akranesi yfirleitt, annað en að þarna komi maður, sem getur tekið að sér forystu í þeim málum. Ég held að núverandi forystumenn séu ekki líklegir til stórataka.

Reykjavík, 27. ágúst 1958.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Skýrsla um ferð til Snæfellsness

dagana 13.-17. ágúst 1958.

Eins og um getur í skýrslu um ferð mína um Snæfellsness og Hnappadalssyslu í júní mánuði s.l., var ákveðið að endurvekja Félag ungra Sjálfstæðismanna í sýslunni þ. 17. ágúst, þegar héraðsmót Sjalfstæðismanna yrði haldið þar.

Nokkrum dögum áður fór ég um sýsluna til að reka smiðshöggið á félagasöfnun og undirbúa fundinn. Ferðaðist ég um næstum alla hreppa sýslunnar, safnaði sáman listum yfir væntanlega félaga hjá þeim trúnaðarmönnum, er tekið höfðu að sér að annast félagasöfnun og í sumum tilfellum ferðaðist ég sjálfur um einstaka hreppa, til að safna félögum.

Aðalfundur Héraðssambands ungra Sjálfstæðismanna í sýslunni var síðan haldinn í Ólafsvík á áður ákveðnum tíma. Á fundinum voru lesin upp nöfn 81 ungra manna og kvenna, sem oskuðu eftir inngöngu í félagið.

Hinir nýju félagar skiptast þannig á milli hreppa:

Stykkishólmur	41	Eyjahreppur	1
Grafarnes	8	Miklaholtshr.	5
Ólafsvík	15	Breiðvíkurhr.	6
Kolb.st.hr.	5		
<u>Samtals 81</u>			

Eins og sjá má á þessu yfirliti, eru ýmis byggðarlög eins og t.d. Grafarnes, sem ættu að geta haft fleiri félaga. Ennfremur er enginn félagi fra Hellisandi. Hinsvegar er mikið af ungu fólk i sjávarþorpunum fjarverandi að þessum tíma árs, syo að auðvelt ætti að vera að koma félagatölunni upp í 100, þegar líður á haustið.

Í stjórn félagsins voru kjörnir eftirtaldir menn:

Halldór P. Jónsson, form.

Meðstjornendur:

Hinrik Kristjánsson, Ólafsvík, Kristinn Kristjánsson, Hellnum, Halldor Ásgrimsson, Borg, Miklah.hr. Guðbjartur Cecilsson, Grundarf.

Varastjórn:

Guðni Friðriksson, Stykkishólmi, Sigvaldi Fjaldsted, Haukatungu, Kolb.st.hr. Gunnar Bjarnason, Böðvarsholti, Staðarsveit, Kristín Halldórsdóttir, Ólafsvík, Halla Eyjólfssdóttir, Ólafsvík.

Með skýrslu þessari fylgir listi yfir trúnaðarmenn ungra Sjálfstæðismanna í sýslunni.

Birgir fsl. Gunnarsson.

S K Y R S L A

um erindrekstur í Mýrarsýslu í júlí 1958.

Í Borgarnesi hitti ég fyrst að mál Friðrik Þórðarson, sem tók ágætlega á móti mér og greiddi hann götu mína meðan ég dvaldist þarna eftir því sem hann frekast gat. Hann kom mér strax í samband við Eyvind Ásmundsson, en hann hefur verið formaður Félags ungra Sjálfstæðismanna í Mýrarsýslu. Félagið hefur ekki haldið aðalfund í nokkur ár, en þeir menn, sem þá voru kosnir í stjórn, hafa komið saman nokkrum sinnum, enda eru þeir áhugasamastir ungra manna í sýslunni um þessi mál.

Ég hóf starf mitt með því að tala við þessa menn. Þeir eru: Eyvindur Ásmundsson, Borgarnesi, Helgi Ormsson, Borgarnesi, Jón Guðmundsson, Bóndhóli, Borgarhreppi og Kristófer Porgeirsson, Laugalandi, Stafholtstungum. Hjá öllum þessum mönnum kom það í ljós, að þeir töldu ekki unnt að endurvekja FUS í þessari ferð minni, þar eð timinn væri mjög óheppilegur og engir möguleikar til þess að ná saman fundi vegna anna. Ennfremur sögðu þeir, að allt félagsstarf hefði gengið mjög illa í sýslunni, sama hvort um væri að ræða ungmannafélag, pólitísk félög eða skemmtifélag. Fólk væri mjög tregt til að mæta á nokkrum fundum enda hváðust þeir hafa reynt að kalla saman aðalfund oftar en einu sinni, en það hefði alltaf mistekist. Mér fannst því landið liggja þannig í upphafi, að þýðingarlaust væri að ætla að kalla saman aðalfund að svo stöddu.

Trúnaðarmannakerfi SUS hefur ekkert verið í Mýrarsýslu og gerði ég það að tillögu minni við ofangreinda menn að ég reyndi að koma á fót skipulögðu trúnaðarmannakerfi ungra manna í sýslunni. Þetta trúnaðarmannaráð gæti síðan komið saman til fundar, þegar liði á haustið, til að taka nánari ákvörðun um framtíð félagsins. Félust þeir á þetta og töldu jafnvel betra að hafa pennan háttinn á, reyna fyrst að tryggja grundvöllinn að féluginu en ekki byrja með miklum bægslagangi, sem síðan rynni út í sandinn.

Miðaði ég síðan ferð mína við þetta. Mun ég hér fyrst ræða um ferðir mínar um sýsluna en síðan taka til meðferðar ástand og horfur í einstökum málum.

STAFHOLTSTUNGNAHREPPUR:

Kristófer Porgeirsson á Laugalandi ók með mér um Stafholtstungur. Kristófer er allra manna áhugasamastur og mjög fús til að leggja fram krafta sína í þágu flokksins. Í Stafholtstungum er margt ungra manna og þar á Sjálfstæðisflokkurinn allmikið fylgi. Af yngri mönnum, sem ég heimsótti þar má nefna Kjartan Jónsson, lögfræðing, sem er

nýlega seztur að í sýslunni og rekur allstórt bú. Hann er sjálf-sagður trúnaðarmaður SUS, áhugasamur flokksmaður og ákafur í að endurreisa félagið. Þorsteinn Sigurðsson, Brúarreykjum. Hann er ungur maður og trúnaðarmaður flokksins í sýslunni. Í Sólheimatungu ræddi ég við two unga menn Sigurð og Jónas Tómassyni. Sigurður tók að sér að vera trúnaðarmaður SUS. Ennfremur heim-sotti ég Sigurð Sigurðsson ungan bónda á Hamraendum.

Af eldri flokksmönnum í hreppnum, er ég heimsótti, má nefna Jósef Björnsson á Svarfhóli, aldurhniginn og ákafan flokksmann og Kristjan Björnsson á Steinum.

NORDURÁRDALSHREPPUR: Þí pessum hreppi eiga Framsóknarmenn all-mikið fylgi og hafa Sjálfstæðismenn þar kosið að hafa hægt um sig. Stafar það bæði af því, að parna er Bifrost og Samvinnuskólinn staðsett og virðast pessar stofnanir hafa smitað allmikið út frá sér og ennfremur býr í hreppnum Sverrir Gíslason í Hvammi, formaður Stéttasambands bænda. Virðist hann hafa mjög mikil áhrif parna.

Þar ræddi ég fyrst við Geir Jónsson, bónda Dalsmynni, en hann er trúnaðarmaður flokksins. Því næst heimsótti ég Poryvald Guðmundsson, ungan bónda að Hafþórsstöðum. Hann tók að ser trúnaðarmennsku fyrir SUS.

HVÍTÁRSÍÐUHREPPUR: Þar eiga Framsóknarmenn ennfremur allmikið fylgi. Þar heimsótti ég Sigurð Guðmundsson, bónda að Kolsstöðum. Hann er trúnaðarmaður flokksins. Ennfremur fór ég fram að Kalmannstungu og hitti Kristófer bónda þar. All-mikill vafi hefur verið um pólitískt ástand á því heimili og grunur leikið á, að það væri að snúast yfir til Sjálfstæðisflokkins, en ekki get ég um það dæmt eftir ferð mína þangað.

Ennfremur heimsótti ég þar einn ungan mann Berg Sigurðsson, Laugarmel. Hann er nýkominn yfir aldursmark SUS en lofaði að leita mætti til hans ef eitt hvað sérstakt væri á döfinni. Mjög fátt er parna ungra manna og því nauðsynlegt að nota þá, sem fyrir eru.

BORGARHREPPUR: Þar er helzti ungi Sjálfstæðismaðurinn Jón Guðmundsson á Bóndhóli. Hann verður trúnaðarmaður SUS enda er hann mjög áhugasamur um málefni flokksins. Ennfremur heimsótti ég parna two unga menn að Valbjarnarvöllum Heiðar og Sigurjón Johannssyni. Sigurjón tók að sér að verða trúnaðarmaður SUS.

HRAUNHREPPUR: Þar hefur verið mjög mikið Framsóknarfylgi, en hefur færst þar í betra horf fyrir Sjálfstæðismenn. Þar hitti ég eftirtalda bændur: Boga Helgason, Brúarfossi, Jón Lárusson, Ánastöðum, Ólaf Þórðarson, Ökrum, Þórð Valdimarsson, Hörrum og Jóhann Lárusson, Laxárholti, en hann er sá eini af þessum, sem er undir 35 ára aldri og tók hann að sér að vera trúnaðarmaður SUS.

Í tveimur hreppum sýslunnar tókst mér ekki að finna trúnaðarmenn fyrir SUS, þar eð ungir Sjálfstæðismenn eru þar sárafair og engir mögulegir trúnaðarmenn eins og er. Þessi hreppar eru Álfatneshreppur og Þverárhlíðarhreppur, en þar er Kjartan Jónsson mjög kunnúgur og getur því auðveldlega haft samband við þá fáu ungu menn, sem þar eru.

#### Stjórnmálaástand í sýslunni.

Eins og að ofan greinir er allt félagslíf í sýslunni mikið í molum. Starfandi hefur verið Félag Sjálfstæðismanna, en það hefur lítið starfað um skeið eins og fleiri felög. Þetta erir að sjálfsögðu allt flokksstarf mikið erfiðara og skipulag við kosningar hefur verið mikið í molum þess vegna. Er enginn vafi á því, að við síðustu kosningar hafa orðið mistök, sem má rekja til þessa.

Mikil óvissa ríkir hjá flokksmönnum í sýslunni og vantar þá greinilega forystu. Friðrik Þórðarson hefur verið helzti forystumaður þar, en því miður hefur hann ekki þær vinsældir í sýslunni sem skyldi. Pétur Gunnarsson hefur ekkert skipt sér af flokksmálum í sýslunni á milli kosninga. T.d. hefur hann ekki sézt þar síðan við seinstu kosningar. Flokksmenn í sýslunni kvarta mjög yfir því. Ég tel mjög vafasamt að unnt sé að koma á öflugu flokksstarfi þar, hvort sem er meðal ungra manna eða eldri, fyrr en fengizt hefur einhver forystumaður, sem vill eitthvað á sig leggja.

Mikil óánægja er með ríkisstjórnina í sýslunni. Mér virðist að þessi óánægja hafi farið mikið vaxandi frá því í vor, er ég hóf ferðir mínar. Stafar það vafalaust af því, að nú eru bjargráð stjórnarinnar farin að seilast ofan í pyngju bændanna meira en aður. T.d. var það áberandi, hve þeir bændur, er fengu dráttarvélar nú í vor, voru óánægðari en aðrir. Þessi óánægja ríkir hjá bændum úr öllum flokkum. Líkur eru til þess að hún fari vaxandi með haustinu og er því nauðsynlegt að fylgja henni eftir með einhverjum ráðum.

Mér fannst það mjög áberandi, hve ungar menn voru áhugalitlir um stjórnmál og margir hverjir vildu ekki gefa sig upp. Vafalaust á þetta einhverjar rætur að rekja til þess hve kaupfélagið er sterkt í sýslunni. Það hefur ekki hikað við að beita menn kúgun, ef því er að skipta, og þar sem ungar menn, sem eru að setja á stofn bú, purfa meira að leita til kaupfélagsins en aðrir, er þessi afstaða þeirra að mörgu leyti skiljanleg.

### Verkalyðsmál.

Eins og um hafði verið talað ræddi ég nokkuð við þá menn, sem hafa haft sig í frammi í verkalyðsmálum í sýslunni, einkum þá Eyvind og Ragnar Ásmundssyni. Af viðræðum við þá kom eftirfarandi í ljós.

Í Borgarnesi er eitt verkalyðsfélag starfandi, sem sendir tvo menn á Alþýðusambandsþing. Í stjórnarkosningum s.l. veturnu fram tveir listar. Annar listinn var borinn fram af lýðræðissínum, þ.e. Alþýðuflokksmönnum, Sjálfstæðismönnum og nokkrum Framsóknarmönnum, þar á meðal helzta verkalyðsforingja Framsóknarmanna í Borgarnesi, Jóni Guðjónssyni. Hinn listinn var borinn fram af kommúnistum og studdur af nokkrum Framsóknarmönnum, m.a. að undirlagi alþingismannsins Halldórs Sigurðssonar. Má af því sjá, að það hefur verið hin útgefna flokkslína.

### Listi lýðræðissinna sigraði í kosningunum.

Allar líkur benda til þess, að svipuð skipting eigi sér stað í kosningum til Alþýðusambandsþings. Hafa farið fram viðræður um það milli Sjálfstæðismanna og Alþýðuflokksmanna. Töldu menn frekar ólíklegt, að kommúnistar næðu fulltrúum á Alþýðusambandsþing nema Framsóknarmenn styddu pá einhuga. Telja menn mikinn vafa á því, þar eð helzti verkalyðsforingi Framsóknar, sem að ofan greinir er mikill andkommúnisti. Fari hins vegar svo að Framsóknarmenn gangi í eina seng með kommúnistum geta úrslit kosninganna orðið mjög tvísýn.

Annað verkalyðsfélag er enn fremur starfandi í sýslunni. Nær það yfir alla sýsluna utan Borgárness. Meðlimir þess eru flestir bændur, jafnvel garðyrkjubændur, sem hafa með höndum atvinnurekstur. Stjórn þessa félags er í höndum Framsóknarmanna og vonlaust að aðrir fari þaðan á Alþýðusambandsþing.

### Atvinnu- og verkalyðsmál.

Í Borgarnesi er næg atvinna. Er mikið um nýbyggingar í kauptúrinu. Bæði er byggt mikið af íbúðarhúsum og tvö stórhýsi eru í smíðum. Annað á vegum Kaupfélagsins, en hitt á vegum Verzlunarfélags Borgarfjarðar.

Kaupfélagið hér er vakandi. Tvö önnur verzlunarfyrtæki eru í Borgarnesi, Verzlunarfélag Borgarfjarðar, sem Friðrik Þórðarson veitir forstöðu og Verzlunarfélagið Borg. Verzlunarfélag Borgarfjarðar hefur ekki náð þeim vinsældum í sýslunni, sem skyldi og er því miklu hluta viðskipta þess beint í aðrar sýslur, einkum syðsta hluta Dalasýslu. Kaupfélagið er heldur ekki vinsælt, ekki sízt vegna þeirra atvinnu og fjárvíunar, sem það hefur reynt að beita.

Til gamans skal geta þess, að s.l. haust slátraði kaupfélagið ca. 30.000 fjár, en verzlunarfélogin bæði til samans ca. 18.000 fjár.

Mjólkursamlagið í Borgarnesi er helzta atvinnufyrirtæki í þorpinu. Það er undir sömu stjórn og kaupfélagið og hefur því gott tæki til að beita kúgun.

Ég dvaldist í sýslunni tæpan hálfan mánuð og hafði því gott tækifæri til að fá yfirsýn yfir ástandið þar. Ástæðan fyrir því, að ég var þar svo lengi er að tími þessi er mjög óþægilegur til érindreksturs. Hásláttur stendur yfir og allir önnum kafnir í störfum. Kvöldin urðu því oftast drygst til ferðalaga. Ég tel mjög vafasamt að ferðast um þær sýslur, sem liggja í námunda við Reykjavík á þessum tíma. Fólk verður fyrir allskonar töfum á þessum stöðum, bæði vegna ferðafólks og annarra og gestir eru ekki mjög vel séðir á þessum mesta annatíma sveitamanna.

### Framboð.

Næstum því hvar sem ég kom var rætt við mig um væntanlegt framboð í sýslunni. Virðist mikið um það hugsað í sýslunni og mikil óvissa ríkjandi. Enginn einn maður virðist njóta allra hylli.

Ýmsir vilja láta Pétur halda áfram og benda á, að hann hafi stöðugt sótt á og líkur til, að hann muni enn gera það. Pétur virðist vera vinséll af öllum, sem til hans pekkja, því að hann vinnur á við persónulega kynningu. Sumir telja jafnvel að hann eigi töluvert af persónulegum atkvæðum og þá einkum í vestur-hreppum sýslunnar. Hins vegar kvarta menn yfir því, að hann hafi ekki gert nóg af því að komast í persónulegt samband við fólkid og láti lítið sjá sig í sýslunni á milli kosninga.

Aðrir telja að lítið þýði að senda hann fram aftur. Benda þeir á, að hann hafi fallið fjórum sinnum fyrir premur frambjóðendum. Auk þess sé hann lítill sem enginn fundarmaður og þar af leiðandi lítill baráttumaður og hafi því enga möguleika. Hins vegar eru fáir, sem vilja knýja hann til að hætta, ef hann vilji sjálfur fara fram aftur.

Ef Pétur fer ekki fram, virðist það allra skoðun, að enginn innanhéraðsmaður komi til greina. Af utanhéraðsmönnum tilnefna flestir Ásgeir Pétursson. Er mikið um hann rætt manna á milli og telja margir að hann hafi mikla möguleika á því að ná sýslunni. Hins vegar eru nokkrir á móti honum og að því er mér virðist sér-staklega menn í Borgarnesi.

Einstaka menn tilnefndu ennfremur Guðmund Ásmundsson og enn aðrir Varðgarð Briem.

Ég tel mjög nauðsynlegt, að framboð sé ákveðið þarna sem fyrst. Petta virðist mjög brennandi spurning hjá Sjálfstæðismönnum í sýslunni. Einstaka menn hafa þegar bitið í sig ákveðna frambjóðendur og ef petta dregst mikið á langinn, er hætta á klofningi og óánægju í kjördæminu. Auk þess vantar þarna góðan forystumann eins og fyrr segir. En petta getur orðið erfitt viðureignar, því að enginn einn virðist sjálfsagður.

Trúnaðarmenn S.U.S.

Júlí 1958.

M Ý R A S Ý S L A

Eyvindur Ásmundsson	Eorgarnesi	
Helgi Ormsson	"	
Kristján Ólafsson	"	
Jón Guðmundsson	Eóndhóli	Eorgarhreppi
Sigurjón Jóhannesson	Valbjarnarvöllum	"
Kristófer Þorgeirsson	Laugalandi	Stafholtstungnahreppi
Sigurður Tómasson	Sólheimatungu	"
Kjartan Jónsson	Guðnabakka	"
Þorvaldur Guðmundsson	Hafþórsstöðum	Norðurárdalshreppi
Jóhann Lárusson	Laxárholti	Hraunhreppi

*Sendist til alþingunar  
M.J.*

Sjálfstæðisflokkurinn.  
Erindrekstur á Vestfjörðum sumarið 1958.  
Jóhannes Árnason, Patreksfirði.

## STRANDASÍSLA

### 1) Félagsmál Sjálfstæðismanna, stjórnálaðstaða.

Fyrir stríð eða í stríðsbyrjun var stofnað á Hólmasíða Sjálfstæðisfélag, sem aðeins var við lýti í nokkur ár. Síðan hafa Sjálfstæðismenn í kauptúninu aðeins haft með sér óformleg samtök.

Hinn 9. ágúst s.l. var svo stofnað félag ungra Sjálfstæðismanna, og er félagssvæðið yfir alla sýsluna. Hins vegar er augljést mál, að Strandasýsla sem heild er afar illa fallin til félagsstarfsemi og starfsemi hins nýstofnaða félags hlýtur að verða að næstu leyti bundin við takmörkuð svaði í sýslunni. Ær þar einkum um tvö svaði að ræða, annars vegar Árneshreppinn, þar sem félagsmenn eru 20-30, og hins vegar Hólmasíða og nágrenni, en þar eru félagsmenn um 40 talsins.

Fylgi Sjálfstæðisfleksins er einkum í Árneshreppnum og á Hólmasíða, en minna á hinum hreppunum, aðeins á 2-5 bæjum í hverjum hreppi.

Hermann Jónasson á mikil fylgi í sýslunni og er traustur í sessi, en athyglisvert er, að allmikið er um fólk, sem ómögulegt er að vita hvar stendur og virðist jafnvel vera fáskiptið um stjórnámlaði. Á þetta einkum við Kaldrananeshrepp og Hólmasíða. Af atvinnuástaðum og vegna ýmissa annarra kringumstaðna virðist fólk ekki þora eða þæra sig um að taka ákveðna afstöðu í stjórnánum.

Í júlí og ágúst í sumar, er ég ferðaðist um Strandasýslu, snærast hugur manna einkum um efnahagsmálaráðstafanir ríkisstjórnarinnar í vor. Varð ég var við mikla óánægju meðal fólk, ekki hvað sízat bænda, vegna þeirra verðhækkanum sem þá áttu sér stað og fyrirsjáanlegar voru með haustinu, þegar áhrif aðgerðanna faru að koma fram. Verðbólguþróun með því öryggisleysi í peningamálum, sem henni fylgir, er vissulega þyrnir í augum alls almennings. Fólk gerir sér ljóst, að þörf er aðgerða til að halda framleiðslunni gangandi, en fólk gerir sér einnig ljóst, að þessi óheillapróun heldur áfram, ef alltaf eru gerðar bráðabirgðaráðstafanir frá ári til árs, en málin ekki tekin þeim tökum, er leitt gætu til lausnar um lengri tíma.

Einnig höfðu menn mikinn áhuga fyrir landhelgismálini, sem er mjög viðkvæmt mál á Vestfjörðum. Í Strandasýslu virtist mér, að enda þótt menn varu ekki fyllilega ánægðir með grunnlinurnar, sem dregnar voru á Húnaflóa 1952, þá meti menn mikils þann ávinnning, sem þá náiðist og það jafnvel engu síður, en útfærzluna nú í ár. Almennt voru menn andvígir veiðum íslenzkra togara innan 12 mílna markanna.

Af innanhéraðsmálum eru vegamál einna efst á baugi norðan til í sýslunni, en vegasamband við Árneshrepp er mikil hagsmunamál hreppsþúa. EKKI er að efa, að áhugaleysi Hermanns hvað snertir samgöngumálin á þessu svæði, á nekkurn pátt í auknu fylgi Sjálfstæðisflokkssins þar.

## 2) Atvinnumál.

I Strandasýslu er aðstaða flokkssins í atvinnu- og verzlunar-málum vægast sagt mjög slæm, en vald kaupfélaganna alla staðar ríkjandi.

## HÖLMAVÍK.

A Hölmavík eru svo til öll atvinnutakin og verzlunin í höndum kaupfélags Steingrimsfjarðar. Aðalatvinnutakin á staðnum eru hraðfrystihús og beinamjölsverksmiðja í sambandi við það, reist á striðsárunum síðari og að öllu leyti í eigu kaupfélagsins.

Gerðir eru út 3 pilfarsbátar, 16, 30 og 38 tonn og auk þess nokkrir opnir bátar. Frá þessum skipakosti fær frystihúsið hráefni. Eigendur pilfarsbátanna eru ýmsir aðilar á staðnum, nema kaupfélagið og um Brynjár, starsta bátiinn, hafa verið mynduð mörg félagssamtök, m.a. með þátttöku hreppsins, en reksturinn hefur gengið afar illa.

Útgerð bátanna er hagað með svipuðum hætti og almennt gerist, þó er á það að líta, að á vetrarvertið t.d. er sjor fremur illa sóttur, aðeins 12-14 sjóferðir í mánuði, enda afli tregur á Húnaflöa, 2-3 tonn í röðri. Reyndar hafa verið veiðar í porskanet, og var afli þá 7-8 tonn í röðri. Reknetjaveiðar eru nokkuð stundaðar að haustinu og 1 söltunarstöð er á staðnum. Eina aðild Sjálfstæðismanna að raunhaefum atvinnurekstri á staðnum er smávegis hlutdeild í þessari litlu útgerð. Aðaleigandi Hilmis, 30 tonna bátsins, er Guðmundur Guðmundsson (S), sem jafnframt er skipstjóri.

Pá er á staðnum niðursuðuverksmiðja, sem ekki hefur verið starfrakt á undanförnum árum, og eru eigendur hennar Dr. Jakob Sigurðsson og hans fólk. Í þessari verksmiðju var einkum seðin niður smásíld og fyrir 2 árum voru gerðar tilraunir með rekjuveiðar á Ingólfssfirði og gáfust þer fremur vel.

Tvö smáverkstæði eru í kauptúninu, en þar hafa aðeins 3-4 menn vinnu. Eru það trésmiðja, eign Þorgeirs Sigurðssonar (K), sem vinnur þar ásamt sonum sínum, og vélaverkstæði, sem Jónas Kristjánsson (S) starfrakir og annast allar viðgerðir á bifreiðum o.s.frv. Þess er að geta, að Jónas er ekki faglærður, og verkstæðið er til húsa í afar lélegum húsakynnum, sem ásamt öllum helstu vélum eru í eigu kaupfélagsins.

Kaupfélag Steingrimsfjarðar er lang voldugast í verzluninni og hefur mikil viðskipti við sveitirnar í nágrenninu. Auk kaupfélagsins eru tvær verzlanir á staðnum, Verzl. Sæborg, sem er mjög

lítill verzlun og aukastarf hjá eigandanum og Verzli. Kristjánus Benediktssonar, trúnaðarmanns Sjálfstæðisflokksins, sem er orðinn gamall maður og líkur til að hann fari að hatta að reka verzlun sjálfur. Er ekki vitað hvað nuni verða um hans verzlun.

Ástandið í atvinnu- og verzlunarmálum á þessum stað er því síður en svo glasilegt og afkoma verkafólks og sjómanna, sem vinna við framleiðsluna á staðnum, vegast sagt afar slæm. Allmikið kveður að því, að fólk leyti eftir atvinnu annars staðar, svo sem við er að búast, miðað við atvinnuástandið á staðnum. Meðaltekjur munu vera um 25 þúsund á ári, og hastu tekjur verksamanna, sem vinna á staðnum um 30 þús. á ári, en fólk stundar jafnframt nokkurn landbúnað.

#### D R A N G S N E S .

Fyrir nekkrum árum var Útgerðar og fiskiðjuver Drangsnesinga gert upp og var þá mest í eiga ríkis og banka. Upp úr því var "Samvinnufélagið Björg" stofanð 1951-52. Vinstri menn fara með stjórn þessa fyrirtakis, sem er að mestu ríkiseign, einstaklingar eiga eitthvað smávegis, en kaupfélag Steingrimsfjarðar ekkert. Mun hafa verið leitað eftir inntöku í SÍS., en það vildi engin afskipti af fyrirtakinu hafa.

Samvinnufélagið á og rekur frystihúsið á staðnum og tvo bílfarsbáta, Völustein, 38 tonn og Barða 21 tonn, sem leggja afla sinn á land í frystihúsið. Þá er á staðnum síldarsöltunarstöð og niðursuðuverksmiðja, sem ekki er starfrakt.

Rekstur Samvinnufélagsins hefur gengið afar erfiðlega og launagreiðslur verið langt á eftir tímanum, fólk sér varla peninga, fær aðeins væruúttekt í verslun félagsins.

Um afkomu og líffskjör fólks á þessum stað er svipað að segja og um Hólmavík, en eins og þar, eru menn með einhvern búpening til að léttu undir.

#### Á R N E S H R E P P U R .

Á Djúpuvík er lítið frystihús, sem hreppurinn á að hálfu og síldarverksmiðjan, afkastageta 5000 mál á solarhring, en frystihúsið hefur til afnota hluta af húsakynnum verksmiðjunnar, sem ekki hefur verið starfrakt um árabil.

Sjósókn frá Djúpuvík, Gjögri og sveitunum í kring er öll á opnum bánum, sem margir eru í eigu ungra Sjálfstæðismanna norður þar. Svo til allur afli er saltaður og bertur, og hefur kaupfélagið með þá starfrakslu og sölu afurðanna að gera. Á Djúpuvík eru tvar síldarsöltunarstöðvar, og er a.m.k. önnur þeirra starfrakt að sumrinu og fram eftir hausti. Rekstur hennar annast utanhéraðsmaður, venjulega nefndur Helgi Kr. (S).

Á Ingólfssfirði er svo sildarverksmiðja, eign Ingólfss h.f., sem ekki hefur verið starfrekt árum saman, og svo sem kunnugt er var önnur vélasamstaða verksmiðjunnar seld austur á land á s.l. ári. Frá Ingólfssfirði gengur einn þinfarsbátur, í eigu Sjálfstæðismanna, Annast hann flutninga og áætlunarferðir um Húnaflóa vestan verðan.

Öll verzlun er í höndum kaupfélagsins í Norðurfirði, sem hefur útibú á Djúpuvík. Hafa Sjálfstæðismenn haft einhver ítök um rekstur þess m.a. hefur Pétur Guðmundsson í Úfeigsfirði átt þar sati í stjórn. Ótibússtjórinn í Djúpuvík, Marias Björnsson, er félagsmaður í F.U.S.

Á ferðum mínum, í viðtölum við bandur varð ég var við mikla óánagju með einokunaraðstöðu kaupfélagsins í verzlun, og meðal sjómanna var mikil óánagja með fiskverðið hjá félagini, sem peir tóldu vera of lágt. Veri vissulega ómaksins vert að athuga það mál nánar.

Í atvinnu- og verzlunarmálum er Sjálfstæðismönnum nauðsynlegt að fylgjast vel með þróuninni og aðstöðu á hverjum stað, hafa jafnan opin augu fyrir þeim möguleikum, sem skapast með breyttum aðstöðum og styðja unga og efnilega flokksmenn við að halda á lofti merki frjáls framtaks, sem á við sterkt kaupfélagsvald að etja út um hinar dreifðu byggðir.

Nú á tínum þarf mikil fjármagn til atvinnurekstrar á flestum sviðum, þannig að vart er við því að búast, að í héruðum, þar sem veldi kaupfélaganna fer stöðugt vaxandi á kostnað einkaframtaksins og lífskjörum almennings er eiginlega haldið í skefjum innan vissra takmarka, sem m.a. stafar af aflabresti, geti átt sér stað fjármagnsmyndun sem nokkru nemur. Án utanaðkonandi fjármagns heldur þessi þróun áfram, og fólkis verður stöðugt háðara kaupfélögum. Jafnframt gerist sve það, að menn, sem ekki vilja beygja sig undir vald kaupfélaganna og skortir verkefni við sitt hafi, yfirgefa heimasveit sína, fyrst aðeins um stundarsakir í atvinnuleit, en síðan fyrir fullt og allt og setjast að á Suðurlandi.

Ein leiðin til að stöðva þessa þróun, og sem liður í því að byggja upp fylgi Sjálfstæðisfleksins í dreifþýlinu, er að hafa forustu um að mynda samtök með Sjálfstæðismönnum, yngri sem eldri, um þann atvinnurekstur, sem möguleikar skapast fyrir á hverjum stað og tíma.

Víða í Strandasýslu, t.d. á Hölmavík og Drangsnesi, gatir kaupfélagsvaldsins og vinstri áhrifa nekkuð, og kemur það m.a. fífam í því, að nekkuð er um fólk, sem ekki þerir að taka ákvæðna afstöðu í stjórnmálum og virðist lifa í hálfgerðum atvinnuóttu, enda öll atvinnutakin í höndum kaupfélags og vinstri manna, sem ganga svo langt, sem þurfa pykir. Verður maður greinilega var við petta, þegar maður kemur ókunnugur í héraði og kynnist fólkini baði í kauptúnunum, þar sem þessi hálfgerða þvingun ríkir, og í sveitunum, þar sem fólkis er miklu frjálslegra, og enginn virðist gera sér far um að fara leynt með skoðanir sínar, enda síður háðir öðrum.

Til athugunar kemur að kannna möguleika á að styrkja aðstöðu flokksins í verzlunarmálum í sýslunni. Verður það án efa bezt gert með því að stofna verzlunarfélag á Hölnavík, sem hefði svo útibú um sýsluna, eftir því sem ástæða þatti til og unnt reyndist.

Um annan stuðning við atvinnumál sýslunnar verður aftur meiri spurning, en sjálfsgagt virðist að styðja þá fáu Sjálfstæðismenn, sem með einhvern atvinnurekstur hafa að gera, baði í útgerðinni og eins að koma upp vélsmiðju á breiðari grundvelli. Að öðru leyti vísast til þess, sem skýrsla þessi kann að gefa tilefni til.

### 3) Framboð.

A ferðum mínum var ég mikið spurður um hver mundi verða frambjóðandi Sjálfstæðisflokkssins í Strandasýslu í næstu þingkosningum og virtist mér að fólk hefði mikinn áhuga fyrir þessu.

Ifirleitt allir, trúnaðarmenn jafnt sem aðrir, voru á einu málí um manukesti núverandi frambjóðanda flokksins, Ragnars Lárussonar, forstjóra. Kváðu menn mjög gott til hans að leita, enda vildi hann allra vanda leysa.

Einstaka af trúnaðarmönnum flokksins vildu hafa Ragnar áfram í kjöri og rökstuddu það einkum með því, að óheppilegt væri að skipta oft um frambjóðanda, kannske við hverjar kosningar, og Ragnar væri vaxandi fundarmaður. Aðrir trúnaðarmenn og þó einkum óbreyttir flokksmenn og jafnvel fólk, sem hvergi skipar sér ákveðið í flokk, töldu hins vegar, að með framboði Ragnar var Hermanni gerður mestur greiði, nauðsynlegt væri að skipta um frambjóðanda vegna þess, að eins og nálm var hættá, fengi Ragnar aldrei nein atkvæði umfram ákveðið flokksfylgi. Ef aukning verður á atkvæðamagni hans í sýslunni, er það flokkurinn, sem er að vinna á vegna óvinsalda ríkisstjórnarinnar. Hermann Jónasson er mótframbjóðendum sínum miklu meiri fundarmaður, og sterkur nálfutningur á fundum nær aldrei norður í kjördæmi hans, nema á héraðsmótum. En hann þarf einnig að ná til framboðsfundanna íe einstökum hreppum, þegar dregur að kosningum.

Hinn vantanlegi frambjóðandi verður að vera ungur, röggSAMUR og áhugasamur maður, sem getur rökratt málæfnin af festu, er góður raðumaður, kemur vel fram og getur sett sig inn í hugsunaráhátt og lífskjör fólksins í þessu útkjálkahéraði, getur rætt við það um dagleg vandamál og störf. Vantanlegur frambjóðandi verður þess vegna að kynnast fólkina og aðstöðu þess í héraðinu, koma á héraðsmót, halda þar raður og hafa verið í kjöri einu sinni eða tvírar, áður en Hermann hattir eða er kominn á þann aldur þegar menn almennt láta af þingmennsku. Hins vegar er alveg afleitt að koma allt í einu með manni í framboð, sem ekkert þekkir þar til og hefur kannske aldrei komið í héraði. Um frambjóðanda komu ekki beinlinnis fram ákveðnar tillögur, nema hvað nekkir menn norður í Árneshreppnum nefndu Höskuld Ólafsson, sparísjóðsstj., sem þar mun hafa starfað einhvern tíma á námsárum sínum og getið sér hið besta orð.

Það er sízt ástaða til að vanrækja petta kjördami, þar eru möguleikar til að byggja upp fylgi engu síður en annars staðar og einmitt nú er kominn hinn rétti tímí til að hefja þá uppbyggingu. Því til rökstuðnings má benda á eftirfarandi atriði: Hermann er nú 62 ára að aldri og þingmennska hans verður vart lengri en tvö kjörtímabil í viðbót, t.d. til 1966. Ýlgi Fransóknar í sýslunni snýst eðlilega að einhverju leyti um Hermann persónulega. Þegar hann hettir geta orðið miklar breytingar. Um 70 félagsmenn í félagi ungra Sjálfstæðismanna sýnir væxandi fylgi meðal ungsa fólksins, ríkisstjórain undir fyrstu þingmanns kjördamisins nýtur almennum óvinsælda og enda þótt Fransókn eigi mikil fylgi í kjördaminu, er alltaf eitthvað um fólk, sem nú stýrur frambjóðandur viðstri flokkanna, en er síður en svo einstrengingslegt í skoðunum, kys meira um menn en mállefni.

En fylgisaukning í kjördaminu hlýtur alltaf að meira eða minna leyti að snúast um frambjóðanda floksins persónulega og ber því að velja hann með tilliti til þess. Ef vel tekst til um val frambjóðandans, geta persónuleiki hans ogmannkestir veitt honum mikil fylgi á þessum tímanótum í stjórnmálabaráttunni í Strandasýslu.

Sjálfstæðisfélag Garða- og Bessastaðahrepps

Reglur um prófkjör til ákvörðunar framboðs  
Sjálfstæðismanna til hreppsnefndakosninga 1970

1. Ákvörðun um prófkjör skal taka á almennum félagsfundum.
2. Atkvæðisrétt við prófkjör í Garðahreppi hafa þeir einir, sem eru búsettar í Garðahreppi, eru félagar í Sjálfstæðisfélagi Garða- og Bessastaðahrepps og hafa náð kosningaaldri, þegar kosning fer fram. Atkvæðisrétt við prófkjör í Bessastaðahreppi hafa þeir einir, sem eru búsettar í Bessastaðahreppi, eru félagar í Sj. G. og B. og hafa náð kosningaaldri þegar kosning fer fram.
3. Almennur félagsfundur kýs 5 manna kjörnefnd. Hún skal ganga frá lista yfir 10 menn til prófkjörs. Viðbótarmenn fást síðar skráðir á listann séu þeir studdir a.m.k. 20 meðmælendum, er allir hafa kosningarétt við prófkjör.
4. Skipulagsnefnd stjórnar prófkjöri og sér um að það fari vel fram. Hún tekur ákvarðanir um framkvæmd og fyrirkomulag prófkjörs, að svo miklu leyti, sem það er ekki ákveðið í reglum þessum.
5. Skipulagsnefnd skal póstleggja upplýsingar um framkvæmd prófkjörs til allra þeirra, sem atkvæðisrétt hafa. Þess skal gætt, að fyrirvari sé góður.
6. Kosning skal vera leynileg og fara fram á ákveðnum kjörstað. Bréfleg kosning er bó heimil ef um veikindi eða fjarvistir er að ræða.
7. Ákjörstað skal kjósandi fá atkvæðaseðil með nöfnum prófkjörs-manna á og greiða atkvæði í einrúmi. Hann skal merkja með krossi við nöfn jafn margra og kjósa á í hreppsnefnd (í Garðahr. 5 menn), þeirra er hann helzt kýs að sitji í hreppsnefnd. Vilji hann, að einn maður öðrum fremur skipi efsta sæti listans, skal hann merkja sérstaklega við nafn hans með tveimur krossum. Skipulagsnefnd ákveður hvaða sérreglur skulu gilda um talningu þessara tvöföldu krossa.
8. Kjósendur, sem greiða atkvæði bréflega, skulu fá eftirfarandi gögn:
  - a. kjörseðil með nöfnum prófkjörsmanna.
  - b. umslag undir kjörseðil, greinilega merkt sem slíkt.
  - c. umslag undir umslag b, þar sem kjósandi ritar nafn sitt og heimilisfang.
  - d. umslag undir umslag c með heimilisfangi, sem skipulags-nefnd ákveður.
- Atkvæðagreiðsla er að öðru leyti eins og við atkvæðagreiðslu á kjörstað.
9. Talning fer fram undir stjórn skipulagsnefndar að viðstöddum formanni Sj.G. og B. eða stjóranrmeðlimi í fjarveru formanns.
10. Atkvæðaseðill telst ekki gildur nema krossað sé við fullan fjölda, en tveir krossar við eitt nafn er ekki skilyrði fyrir því að seðill sé gildur.
11. Úrslit prófkjörs um 5 efstu sætin skulu bindandi til framboðs, enda hafi 80% þeirra, sem atkvæðisrétt hafa, greitt atkvæði. Ef þeir sem kosningu hljóta neita að taka það sæti, sem þeim er ætlað, skal heimilt að færa þá neðar á listann, þannig að það raski ekki innbyrðis röð hinna.
12. Ef atkvæði reynast jöfn, skulu þeir, sem jafnir eru, draga um innbyrðis röð.
13. Reynist prófkjör ekki bindandi skal kjörnefnd leggja fyrir félagsfund tillögur um skipan framboðslistans.

Alyktun skipulagsnefndar kjördæmisláðs  
Sjálfstæðisflokkins í Vestjarðakjör-  
dæmi um prófkjör við ákvörðun framboðs  
til Alþingiskosninga.

A síðasta aðalfundi kjördæmisláðs Sjálfstæðisflokkins í Vestfjarðakjörðæmi í september síðastliðnum var borin fram tillaga frá öllum fulltrúum Félaga ungra Sjálfstæðismanna, er fundinn sóttu, bess efnis, að framvegis yrði hliðsjón höfð af niðurstöðum prófkjörs, þegar kjördæmisláð gengi frá framboðslista flokkins til Alþingiskosninga.

Tillagan var allítarlega rökstudd, en vegna mjög þróningar dagsskrár gafst ekki tóm til að ræða tillöguna nema mjög lauslega á fundinum, og ekki þótti fært að afgreiða á neinn veg tillögu um svo róttæka skipulagsbreytingu við framboðsákvörðun, nema að vandlega íhuguðu máli. Það varð bess vegna að samkomulagi milli fundarstjórnar og flutningsmannar tillögunnar, að stjórn kjördæmisláðsins setti nefnd til að fjalla um tillöguna milli funda ráðsins.

A fyrsta fundi stjórnar kjördæmisláðsins var starfandi skipulagsnefnd flokkins í kjördæminu falið að skila álti um þetta efni fyrir áramót. Nefndarmenn hafa síðan rætt þetta mál sín á milli og kannað nokkuð huga þeirra aðila, sem ólik viðhorf mætti ætla að hefðu á þessu máli. Hefur skipulagsnefndin orðið á eitt sátt á pennan veg:

Sjálfstæðismönnum á Vestfjörðum er orðið ljóst að fenginni hart nær áratugs reynslu af núverandi skipulagi við framboðsákvörðun, að á því eru verulegir meinbugir, sem leitt hafa til mikillar skálmaldar og endurtekinna bræðravíga í röðum flokksmannar. Verulegur óhugur er í flokksfólki öllu um framhaldandi viðgang beirra. Það er fúst til breytinga, án bess að hafa mótað sér skoðanir um hverjar þær eiga að vera. Jafnframt þykist flokksfólk almennt hafa lítil ítök í stjórnálum héraðs og bjóðar, hlutur þess sé fyrir borð borinn í hendur annarra og því í reynd aðeins gefinn kostur á að kjósa milli þegar valinna fulltrúa, er það geldur flokknum atkvæði í Alþingiskosningum.

Pórkjör hefur verið til sívaxandi umræðu með þjóðinni hin síðustu misseri og framkvæmd bess er orðið yfirlýst baráttumál ýmissa stjórnálasamtaka í landinu, einkum í samtökum yngri manna. Í röðum Sjálfstæðismanna hefur þegar verið ákveðið að viðhafa prófkjör í Vesturlandskjördæmi, án bess að gengið hafi verið frá framkvæmdarsniði þess, og fleiri kjördæmisláð munu líta það hýru auga. A formannaráðstefnu Sjálfstæðisflokkins í vetur var prófkjör eitt helzta skipulagsmálið á dagskrá og var mikið rætt. Mun óhætt að benda á, að þorri almennings lítur á prófkjör sem tákni um lifandi stefnumótun flokka og viðleitni til að halda nánum tengslum við þjóðina.

Ber ekki svo að skilja að prófkjör sé algjör nýjung í íslenzkum stjórnálum, því það hefur verið reynt með ýmsu sniði, þæði við einmennings- og hlutfallskosningar. Það er nær samdóma álit manna, að þau prófkjör, sem viðhöfð hafa verið, hafi ýmist gefist vel eða illa, og fari það þæði eftir fyrirkomulagi beirra og þeim aðstæðum, sem þeim hefur verið beitt við. Einkum hefur reynzt vanda bundið að koma prófkjöri við í hlutfallskosningum, þannig að niðurstöður þess séu einhlítar. Auk þess hefur það viljað henda, að framkvæmdaraðilar hafi verið børnir sökum um að misnota aðstöðu sína, þegar ekki hefur verið tryggilega til prófkjörsins stofnað.

Að framangreindu sést, að prófkjör er engan veginn vandalaust í framkvæmd né öruggt meðal til lækningar á öllum meinsemendum. Hins vegar má fastlega gera ráð fyrir, að reynist allgott hressingarlyf og að beiting þess í hófi geti gefið ýmsar bindingar um önnur meðul, sem að gagni mættu koma. Þegar þess er svo enn fremur gætt, að nefndin hefur ekki heyrt annarra meðala getið við þeim meinsemendum, sem hrjáð hafa flokkslíkamann á Vestfjörðum, mælir hún

einum rómi með því, að prófkjör verði reynt þannig:

1. Þátttökurétt í prófkjöri hafa þeir einir, sem eru fullgildir flokksfélagar, hafa náð kosningaaldri áður en prófkjöri er ætlað að ljúka og hafa þá verið flokksfélagar um minnst sex mánaða skeið. Hver slíkur félagi hefur eitt atkvæði.

Til bess að tryggja atkvæðisrétt félaga verði árlega gefin út flokksskírteini til fullgildra félaga með viðfestri "svuntu", sem félagini ritar á eigin hendi nafn sitt. Svuntan er síðan send stjórn kjördæmísráðs, sem geymir hana sem spjaldskrá, en sú spjaldskrá er kjörskrárstofn til prófkjörsins.

2. Stjórn kjördæmísráðs stjórnar prófkjöri og sér um, að það fari gagnrýnislauast fram.

3. Kjörnefnd gangi frá fullum lista, í Vestfjarðakjördæmi tíu manna, og birti hann stjórnnum félaga. Viðbótarmenn fást skráðir á listann, séu bau studd fimmtíu meðmælum þeirra, er atkvæðisrétt hafa í prófkjöri, og berist kjördæmísráðsstjórn innan tíu daga frá birtingu lista kjörnefndar.

4. Þessi kjörgögn skulu send þátttakendum í pósti:

- a) Kjörseðill, þar sem nöfnum frambjóðenda er raðað í stafrófsröð.
- b) leiðbeingar um framkvæmd prófkjörsins.
- c) óeinkennt umslag.
- d) umslag, heldur stærra, sem beri með sér, að þátttakanda sé ætlað að rita á það nafn sitt eigin hendi.
- e) umslag, enn stærra, með heimilisfangi kjördæmísráðs.

Þess skal gætt eftir föngum, að þátttakendum gefist nægur tími.

5. Þátttakanda skal ætlað að merkja með krossi við nöfn jafnmargra frambjóðenda og kosnir eru til þings úr kjördæminu, þeirra er hann helzt kýs að sitji á þingi fyrir kjördæmið, í Vestfjarðakjördæmi fimm.

Vilji hann leggja sérstaka áherzlu á þingsetu einhvers eins þeirra, getur hann gert það með því að merkja sérstaklega við nafn hans með öðrum krossi.

Atkvæðaseðill telst ekki gildur, nema krossað sé við fullan fjölda.

Síðan skal atkvæðaseðlinum stungið í hvert umslagið af öðru, og miðumslagið einkennt eiginhandarrituðu nafni þátttakandans, en síðan póstlagt til kjördæmísráðs.

6. Talning fer fram undir stjórn skjördæmísráðsstjórnar í tvennu lagi, annars vegar allir er atkvæði hljóta, hins vegar þeir er merktir hafa verið tveim krossum.

7. Úrslit prófkjörsins skulu liggja fullbúin fyrir þeim fundi kjördæmísráðsins, sem ætlað er að ganga frá framboði flokksins, en kjörnefnd og kjördæmísráð ákvarða síðan listann með sama hætti og tíðkazt hefur samkvæmt skipulagsreglum flokksins.

Patreksfirði, 23. desember 1968

Eyjólfur Þorkelsson  
Jóhannes Árnason  
Pór Hagalín

Alþingi 12. mars 1968.

Heiðraði flokksfēlagi.

Alþingismenn Sjálfstæðisflokksins úr Vestfjarðakjördæmi, Norðurlandskjördæmum bæðum og Austurlandskjördæmi hafa ákvæðið að beita sér fyrir stofnun hlutafélags um útgáfu blaðs, sem kæmi í staðinn fyrir "Íslending" á Akureyri og "Ísafold og Vörð" og þjónaði þessum kjördæmum og strjálbýlinu fyrst og fremst. Hefur okkur undirrituðum verið falið að gangast fyrir félagsstofnuninni og er þetta bréf ritað þér í því sambandi. Viljum við fara þess á leit við þig, að þú gerist hluthafi í félaginu, en það verður byggt upp með um 40-60 5 þúsund króna hlutum, sem skiptast milli kjördæmanna sem næst í hlutfalli við íbúatölu.

Til frekari skýringar á erindinu, fylgja hér á eftir upplýsingar um höfuðatriði mālsins, undirbúning og fyrirætlanir.

Undanfarinn er í stuttu māli sá, að viðræður hafa farið fram um sameiningu framangreindra blaða milli viðkomandi aðila og er niðurstaðan sú, að af henni geti orðið með stofnun útgáfufélags aðila úr öllum ofangreindum kjördæmum og ákvæðinni þáttöku Arvakurs hf. í prentun blaðsins.

Nú þegar liggja fyrir ðætlanir um framgang mālsins í öllum höfuðdráttum, og er full ástæða til að ætla, að stofnun og rekstur blaðsins geti orðið bæði fjárhagslegur og flokkslegur ávinnungur.

Blaðinu er ætlað að hafa aðsetur á Akureyri, og er gert ráð fyrir, að þar verði það sett og brotið um, en prentað og dreift hjá Morganblaðinu. Til þess að þetta verði unnt, er Arvakur hf. reiðubúinn að leggja til vélar og tæki, vegna setningar og umbrots á Akureyri, og síðan að taka við pappaþryktum síðunum og prenta blaðið og dreifa því á sinn kostnað.

Þetta framlag Arvakurs hf. til útgáfunnar má segja að tryggi fjárhagsgrundvöll myndarlegrar útgáfustarfsemi, ásamt með útbreiðslusvæðinu, sem um er rætt, en það er að auki skilyrði af hálfa Arvakurs hf. fyrir þáttöku í útgáfunni.

Blaðinu er ætlað að koma út tvívar í viku 9 mánuði ársins, annars vikulega, 8 síður í senn, en með frávikum af sérstökum tilefnum. Gert er ráð fyrir, að efni þess verði sniðið við mālefni kjördæmanna fjögurra og strjálbýlisins almennt. Til þess að tryggja lifandi samband við allt svæðið, er ætlunin, að komið verði upp trúnaðarmannakerfi og að starfslið blaðsins verði á tildeum ferðalögum. Að auki er svo til athugunar, að Morganblaðið leggi til efni í einhverjum mæli, t.d. tvær síður í annað hvort blað, þá einkum um þjóðmál og mál, sem snerta strjálbýlið sérstaklega, eða einhverja einstaka hluta þess. Reksturs fyrirkomulagið býður upp á fjölmarga möguleika til að koma mālefnum strjálbýlisins á framfæri, bæði í heild og fyrir afmörkuð svæði, t.d. fyrir kosningar. Þó er að sjálfsögðu eftir sem áður opin leið til að gefa út þau blöð, sem fyrir eru á svæðinu, þar sem grundvöllur þessa blaðs kemur ekki til með að skerða aðstöðu þeirra.

Við viljum biðja þig, að taka þetta erindi til vinsamlegrar athugunar, en innan skamms mun verða haft frekara samband við þig um það.

Með flokkskveðju,

Akureyri, 22. janúar 1968.

Undanfarin ár hefur blaðið ISLENDINGUR, sem nú er á 55. aldursári, verið í eigu og umsjá Kjördæmirsáðs Sjálfstæðisfloksins í Norðurlandskjördæmi eystra. Eins og yður er kunnugt, er þetta stærsta blað, sem flokkurinn sjálfur gefur út. Það hefur fast starfslið og kemur að jafnaði út vikulega. Nú er það ennfremur kunnara en frá þurfi að segja, að fjárhagsafkoma blaðsins, eins og annarra smarri blaða í landinu, hefur verið mjög bágborin. Væri blaðið löngu hætt að koma út reglulega og að teljandi gagni, ef ekki hefðu komið til mjög veruleg fjárfamlög frá einstaklingum, einkum á Akureyri.

A sl. ári var fyrirsjáanlegt, að við svo búið mætti ekki standa öllu lengur. Voru þá hafnar athuganir á því, hvort fyrir hendi væru leiðir til róttækra úrbóta. Liggur nú fyrir niðurstaða í stórum dráttum. Verður skýrt frá henni hér á eftir. En henni fylgir það grundvallarskilyrði, að vettvangur blaðsins verði stækkaður til muna. Er með þessu erindi leitað til miðstjórnar Sjálfstæðisfloksins í því sambandi.

Nú liggur fyrir samkomulagsgrundvöllur við stjórn ÁRVAKURS HF. um ákveðinn stuðning ÁRVAKURS HF. við útgáfu ISLENDINGS, þannig, að ÁRVAKUR HF. léti blaðinu í té vélar og taki til setningar og umbrots og annaðist síðan prentun og dreifingu án endurgjalds. Pennan stuðning léti ÁRVAKUR HF. koma í stað útgáfu ISAFOILDAR og VARÐAR.

Sömuleiðis er nú fyrir hendi samkomulagsgrundvöllur við Kára Jónsson prentara á Akureyri um að hann taki að sér rekstur véla og tækja og hagnýtti hvort tveggja frekar.

Með þessum ráðstöfunum yrði rekstur ISLENDINGS tryggður fjárhagslega og um leið myndu skapast möguleikar á að auka og bæta útgáfuna stórlega, ekki aðeins á núverandi vettvangi, heldur mun stærri.

Er þá komið að kjarna þessa erindis.

Eins og þegar er komið fram, byggjast umræddar ráðstafanir á því, að ÁRVAKUR HF. leggi ISLENDINGI lið í stað þess að gefa út ISAFOILD og VÖRD. Er þá hugsað, að ISLENDINGUR komi um leið í stað ISAFOILDAR og VARÐAR, þ.e. nái framvegis til þess svæðis, sem MORGUNBLAÐID nær sízt til, Austfjarða, Norðurlands og jafnvel Vestfjarða. Efnisval ISLENDINGS yrði í meginþráttum miðað við viðkomandi kjördæmi, frá þeim og til þeirra. Kæmi blaðið til jafnaðar út tvívar í viku, 8 síður í senn.

Rekstursámtlanir hafa verið gerðar í samræmi við þessa hugmynd og er í þeim gert ráð fyrir mjög nánum tengslum ritstjórnar og auglýsingastjórnar við allt svæðið, með tíðum ferðalögum, fréttakerfi o.fl. þ.h., og síðast en ekki sízt með dreifingu blaðsins frá Reykjavík.

Hvort af rekstri blaðsins verður með þessum hætti, byggist svo á afstöðu miðstjórnar Sjálfstæðisfloksins og ráðamanna Sjálfstæðisfloksins í viðkomandi kjördæmum. Sé hún jákvæð, er tvímalalaust heppilegast, að stofnað yrði hlutafélag um útgáfuna, t.d. með um 60 hlutum, sem jöfnuðust niður á kjördæmin, hver að upphaf 5 þús.kr., þar sem kjördæmirsáðin ættu hvert sinn hlut, en einstaklingar hina hlutina. Mætti þá gera ráð fyrir að formenn kjördæmirsáðanna væru sjálfkjörnir í útgáfustjórn, en oddamaður kosinn sérstaklega.

I framhaldi af framanrituðu óska undirritaðir aðilar eftir því við miðstjórn Sjálfstæðisflokkssins, að hún taki fyrir sitt leyti afstöðu til þeirra breytinga á útgáfustarfsemi í þágu flokkssins, sem þessu myndu fylgja.

Sé miðstjórnin samþykk breytingunum, er æskilegt að hín greiði á einhvern hátt fyrir því, að samningaumleitanir hefjist um samstarf milli viðkomandi aðila í kjördænum, ef hún telur slikt í sínu valdi og sér sér fart. I því sambandi erum við reiðubúnir og teljum mjög mikilvægt að kynna málið ítarlega, bæði fjárhagslega og efnislega.

Staða málsins knýr á að það verði afgreitt innan skamms tíma og óskum við því eftir, að þér takið það fyrir við fyrsta tækifæri.

Með virðingu,

fh. stjórnar Kjördæmisláðs  
Sjálfstæðisflokkssins í  
Norðurlandskjördæmi eystra

Gunnar Þorvaldsson  
form. Kjördæmisláðs,

fh. ISLENDINGS

Arnóra Þórsson  
form. blaðstjórnar,  
Herbert Guðmundsson  
ritstjóri.

Til miðstjórnar Sjálfstæðisflokkssins,  
Reykjavík.

## Rekstursáætlun ÍSLENDINGS

miðuð við strjálbýlisblað útgefið í samvinnu við Mbl. um prentun og dreifingu - frá og með ágústmánuði n.k. Áætlunin nær annars vegar til 5 síðustu mánaða yfirstandandi árs, en hins vegar til næsta árs alls. Upplag 8 þús. eintök.

### I.

22 8 síðna blöð í ágúst-desember 1967, starfslið blaðsins; einn blaðamaður, ritstjóri og auglýsingastjóri.

Gjöld:	Laun starfsmanna	Kr.	335.000.00
	myndamót	"	45.000.00
	húsnæði og annað	"	150.000.00
		samtals kr.	530.000.00
	prentun og dreifing	"	250.000.00
		samtals kr.	780.000.00
Tekjur:	Auglýsingar	kr.	480.000.00
	áskriftir	"	60.000.00
		samtals kr.	540.000.00

### II.

90 8 síðna blöð í janúar-desember 1968, starfslið blaðsins; ritstjóri, 2 blaðamenn, auglýsingastjóri og sendill.

Gjöld:	Laun starfsmanna	kr.	1.120.000.00
	myndamót	"	180.000.00
	húsnæði og annað	"	400.000.00
		kr.	1.700.000.00
	prentun og dreifing	"	1.000.000.00
		samtals kr.	2.700.000.00
Tekjur:	Auglýsingar	kr.	1.500.000.00
	áskriftir	"	700.000.00
		samtals kr.	2.200.000.00

### Athugasemdir:

"Laun" eru áætluð samkvæmt föstum kaupgreiðslum, "myndamót" riflega eftir reynslu, "húsnæði og annað" sömuleiðis, en að viðbættum mjög verulegum ferðakostnaði. "Prentun" er miðuð við tilboð að viðbættum 15-20%, en "dreifing" er áætluð að nokkru eftir reynslu en annars er um ágizkun að ræða, þá einn í dæminu, sem nefna má því nafni hreinlega - "Auglýsingar" eru miðaðar við reynslu eingöngu og stórauknir möguleikar vegna nýrrar aöstöðu lítið sem ekki reiknaðir. "Áskriftir" eru áætlaðar 2000 greiddar af 8000 eintaka upplagi. - Þannig hefur

verið kappkostað, að reikna gjöld riflega en tekjur hóflega, til þess að sýna fram á hugsanlega óhagstæðustu útkomu. Verður að segja að hún er ekki óhagstæð miðað við útkomu þeirra liða, sem hugsað er að slekppa fyrir þessa. - Er þá ótalinn sá aukni pólitískir styrkur, sem hlýtur að felast í strjálbýlisblaði á Akureyri annars vegar og aukinni útbreiðslu Morgunblaðsins hins vegar, ef rétt verður á málum haldið.

## Rekstursáætlun ÍSLENDINGS

miðuð við strjálbýlisblað útgefið í samvinnu við Mbl. um prentun og dreifingu - frá og með ágústmánuði n.k. Áætlunin nær annars vegar til 5 síðustu mánaða yfirstandandi árs, en hins vegar til næsta árs alls. Upplag 8 þús. eintök.

### I.

22 8 síðna blöð í ágúst-desember 1967, starfslið blaðsins; einn blaðamaður, ritstjóri og auglýsingastjóri.

Gjöld:	Laun starfsmanna	Kr.	335.000.00
	myndamót	"	45.000.00
	húsnæði og annað	"	150.000.00
		<u>samtals</u>	<u>kr. 530.000.00</u>
	prentun og dreifing	"	<u>250.000.00</u>
		<u>samtals</u>	<u>kr. 780.000.00</u>
Tekjur:	Auglýsingar	kr.	480.000.00
	áskriftir	"	<u>60.000.00</u>
		<u>samtals</u>	<u>kr. 540.000.00</u>

### II.

90 8 síðna blöð í janúar-desember 1968, starfslið blaðsins; ritstjóri, 2 blaðamenn, auglýsingastjóri og sendill.

Gjöld:	Laun starfsmanna	kr.	1.120.000.00
	myndamót	"	180.000.00
	húsnæði og annað	"	<u>400.000.00</u>
		kr.	<u>1.700.000.00</u>
	prentun og dreifing	"	<u>1.000.000.00</u>
		<u>samtals</u>	<u>kr. 2.700.000.00</u>
Tekjur:	Auglýsingar	kr.	1.500.000.00
	áskriftir	"	<u>700.000.00</u>
		<u>samtals</u>	<u>kr. 2.200.000.00</u>

### Athugasemdir:

"Laun" eru áætluð samkvæmt föstum kaupgreiðslum, "myndamót" riflega eftir reynslu, "húsnæði og annað" sömuleiðis, en að viðbættum mjög verulegum ferðakostnaði. "Prentun" er miðuð við tilboð að viðbættum 15-20%, en "dreifing" er áætluð að nokkru eftir reynslu en annars er um ágizkun að ræða, þá einn í dæminu, sem nefna má því nafni hreinlega - "Auglýsingar" eru miðaðar við reynslu eingöngu og stórauknir möguleikar vegna nýrrar aðstöðu lítið sem ekki reiknaðir. "Áskriftir" eru áætlaðar 2000 greiddar af 8000 eintaka upplagi. - Þannig hefur

verið kappkostað, að reikna gjöld riflega en tekjur hóflega, til þess að sýna fram á hugsanlega óhagstæðustu útkomu. Verður að segja að hún er ekki óhagstæð miðað við útkomu þeirra liða, sem hugsað er að sleippa fyrir þessa. - Er þá ótalinn sá aukni pólitíski styrkur, sem hlýtur að felast í strjálbýlisblaði á Akureyri annars vegar og aukinni útbreiðslu Morgunblaðsins hins vegar, ef rétt verður á málum haldið.

**Fyrsta fjórðungsþing  
ungra Sjálfstæðismanna  
á Norðurlandi.**

---

Haldið á Akureyri  
22.—23. október 1948

---

Akureyri — Prentsmiðja Björns Jónssonar h.f. — 1948

Fyrsta þing Fjórðungssambands ungra Sjálfstæðismanna á Norðurlandi hófst hér á Akureyri föstudaginn 22. okt. s.l.

Fjórðungssambandið var stofnað eftir landsfund ungra Sjálfstæðismanna á Akureyri sumarið 1947. Í lögum sambandsins er gert ráð fyrir því, að sambandsþing komi saman árlega og var ætlast til að það yrði háð s.l. summar en varð að fresta því vegna landsfundar Sjálfstæðisflokkins til haustsins.

Á þinginu mættu 55 fulltrúar frá eftirtöllum sambandsfélögum:

„Jörundi“ F.U.S. í Austur-Húnvatnssýlu, „Víkingi“ F.U.S. á Sauðárkróki, Sambandi ungra Sjálfstæðismanna í Skagafjarðarsýlu, F.U.S. á Sigrufirði, „Garðari“ F.U.S. í Ólafsfirði, „Baldri“ F.U.S. á Dalvík, Sambandi ungra Sjálfstæðismanna í Eyjafjarðarsýlu og „Verði“ F.U.S. á Akureyri. Einnig mættu fulltrúar frá ungum Sjálfstæðismönnum í Vestur-Húnvatnssýlu og Pingeyjarsýlum.

#### FÖSTUDAGSFUNDURINN.

Formaður sambandsins, Jónas G. Rafnar, setti þingið kl. 4 og bauð fulltrúa velkomna. Rakti hann síðan í stórum dráttum aðdragandann að

stofnun sambandsins. Vék hann að tilgangi sambandsins og minntist sérstaklega á það hlutverk þingsins að marka stefnu ungra Sjálfstæðismanna á Norðurlandi til landsmálanna. Fór þá fram kosning þingforseta og skrifara. Þingforseti var kosinn Eggert Jónsson, ritstjóri, en skrifarar Halldór Jónsson og Hálfdán Guðmundsson. Tók Eggert Jónsson þá við stjórn fundarins.

Næst flutti form. ítarlega skýrslu um störf sambandsstjórnar s.l. starfsárs. Strax upp úr því er sambandið var stofnað hefði stjórnin gengist fyrir útbreiðslu- og kynningarfundum ungra Sjálfstæðismanna viða um Norðurland. Má í því sambandi sérstaklega minnast á fundi í Ólafsfirði, Sauðárkróki, Akureyri, Dalvík og Árskógsströnd. Væri nú ætlunin að halda þessari fundastarfsemi áfram, enda væri hún þegar orðin mjög vinsæll þáttur í starfsemi ungra Sjálfstæðismanna. — Í nóvember s.l. gekkst sambandsstjórnin fyrir stjórnmalanámskeiði á Akureyri, sem var vel sótt og fór hið beztu fram.

Form. vék síðan sérstaklega að því hlutverki sambandsins að efla sem mest kynni og samstarf á milli félag-

anna. Taldi hann að þegar hefði umnið mikið í þá átt og væru á næsta sumri fyrirhugaðar margar kynnisferðir. Form. taldi það og mikilvægt hlutverk sambandsins að samræma stefnu ungra Sjálfstæðismanna á Norðurlandi og koma henni á framfæri.

Eftir ræðu form. var gengið til nefndakosninga.

Um kvöldið bauð sambandsstjórn öllum fulltrúum til sameiginlegrar kaffidrykkju að Hótel Norðurland. Jónas G. Rafnar flutti þar ræðu um starfsemi ungra Sjálfstæðismanna og viðhorf þeirra til stjórmálanna. — Einnig fluttu ræður: Konráð Diómedesson, Blönduósi, Þorfinnur Bjarnason, Skagaströnd, Arthur Sumarliðason, Siglufirði, Þorsteinn Jónsson, Ólafsfirði, Halldór Jónsson, Skagaf., Þorvaldur Ari Arason, Sauðárkróki og Árni Árnason, Akureyri. Undir borðum voru sungin ættjardarljóð og fór samsætið hið bezta fram.

#### LAUGARDAGSFUNDURINN.

Á laugardag hófst þingfundur kl. 1. Skuluðu þá nefndir álitum og hófust um þau fjörugar umræður.

— Um skipulagsmál sambandsins urðu og nokkrar umræður og gerðar voru smávægilegar breytingar á lögum þess.

Eftir að umræðum var lokið hófst stjórnarkosning.

Fráfarandi stjórn skipuðu, aðalstjórn:

Jónas G. Rafnar, formaður  
Magnús Jónsson, Akureyri  
Vilhjálmur Sigurðsson, Siglufirði  
Baldvin Tryggvason, Ólafsfirði  
Gísli Jónsson, Svarfaðardal.

Varastjórn:

Helgi Sveinsson, Siglufirði  
Þorsteinn Jónsson, Ólafsfirði  
Sigurður Ringsted, Akureyri.  
Í núverandi sambandsstjórn eiga sæti, aðalstjórn:

Jónas G. Rafnar, formaður  
Konráð Diómedesson, Blönduósi  
Þorvaldur Ari Arason, Sauðárkr. Vilhjálmur Sigurðsson, Siglufirði  
Þorsteinn Jónsson, Ólafsfirði  
Hjálmar Júlíusson, Dalvík,  
Magnús Jónsson, Akureyri.

Varastjórn:

Sigurður Ringsted, Akureyri  
Arthur Sumarliðason, Siglufirði  
Magnús Stefánsson, Ólafsfirði  
Gunnar Schram, Akureyri  
Magnús Óskarsson, Akureyri.

Eftir stjórnarkosninguna sleit formaður sambandsins þinginu og þakk-aði þingfulltrúum og þá sérstaklega þingforseta og skrifurum vel unnin störf.

Þá um kvöldið sátu þingfulltrúar kvöldvöku í boði „Varðar“. — Þar flutti Magnús Jónsson, formaður „Varðar“ ræðu við prýðilegar undirtektir áheyrenda.

## Ályktanir Sambandsþingsins

### STJÓRNMÁLAÁLYKTUN.

Þingið lýsir yfir stuðningi sinum við núverandi rikisstjórn og telur eðlilegt og nauðsynlegt eins og nú er ástatt, að lýðræðisflokkarnir vinni saman að lausn vandamálanna og framkvæmd áframhaldandi nýsköpunar atvinnulifssins. Sérstaklega hafa kommunistar gert þetta samstarf óhjákvæmilegt vegna þjónustu við erlenda hagsmuni.

Þingið telur að Sjálfstæðisflokknum beri sérstaklega að standa vörð um athafnafrelsi einstaklinganna, og koma í veg fyrir, að rikisvaldið hindri með allskonar hömlum og óbærilegum skattaálögum heilbrigðan atvinnurekstur einstaklinga og frjálsra samtaka þeirra.

Þingið varar alvarlega við afleiðingum þeirra miklu ríkisafskipta, sem nú eru af öllum högum einstaklinganna. Treystir þingið forustumönum flokksins til þess að sporna ákveðið gegn öllum frekari höftum og opinberum afskiptum og beita sér fyrir því, að dregið verði svo fljótt sem verða má úr þeim ríkisafskiptum, sem eru hemill að eðlilegu athafnafrelsi einstaklinganna.

Ennfremur telur þingið, að Sjálfstæðismenn verði sérstaklega að vera á verði gegn þeim öflum í núverandi samstarfsflokkum, sem leynt og ljóst rægja Sjálfstæðisflokkinn og forystumenn hans.

Vill þingið í þessu sambandi vara við yfirlýstri stefnu ungra Framsóknarmanna, sem mótað hefir af áhrifum kommunista.

### VERNDUN OG EFLING LÝÐRÆDIS.

Þingið heitir á æsku landsins og landsmenn alla að standa með efnرد og festu vörð um grundvallarhugsjónir lýðræðisins, svo sem persónulegt frelsi og jafnrétti einstaklinganna og að berjast gegn áhrifum hverskonar ofbeldis og öfgastefna.

Í þessu sambandi telur þingið, að einkum beri að stefna að því:

- 1) Að við endurskoðun stjórnarskárlínnar verði almenn mannréttindi sem bezt tryggð, almennur og jafn kosningaréttur og kjör-gengi, trúfrelsi, málfrelsi, ritfrelsi, félagafrelsi, fundafrelsi, félagslegt öryggi og jafnrétti.
- 2) Að í skólum landsins verði

þegar tekin upp fræðsla um þjóðmál og stjórnmálastefnur og um réttindi og skyldur borgaranna í lýðfrjálsu þjóðfélagi í þeim tilgangi að auka hæfni borgaranna til þess að móta sér sjálfstæða afstöðu til þjóðfélagsmála, þar sem mikill stjórnmálabroski er skilyrði þess, að lýðræði geti notið sin til fulls.

- 3) Að hverskonar ópolítisk félagsamtök til almenningsheilla, svo sem stéttarfélög og samvinnufélög verði skipulögð á fullkomlega lýðræðislegan hátt og að begar verði komið þar á hlutfallskosningum til allra trúnaðar- og stjórnarstarfa.

Jafnframt vitir þingið harðlega það einræði og ofbeldi, sem beitt hefir verið í þessum félagssamtökum og, hvernig þau hafa verið notuð sem baráttutæki ákveðinnna stjórnmálflokka.

Þingið vill sérstaklega hvetja þjóðina til þess að vera á verði gegn áhrifum hverskonar einræðis- og öfgastefna, sem ógna lýðræði, frelsi og siðmenningu.

#### UTANRÍKISMÁL

Þingið lýsir yfir fylgi sínu við

utanríksstefnu ríkisstjórnarinnar og vitir harðlega þær rangfærslur og ábyrgðarleysi, sem einkennt hefir skrif og málflutning kommúnista um þau mál.

Þingið telur, að eftir öllum aðstæðum, og þá sérstaklega með tilliti til verðlagsins, sem Íslendingar þurfa að fá fyrir framleiðsluvörur sínar hafi giftusamlega tekizt í afurðasölmálum, enda með atorku og elju að þeim unnið.

Þingið telur eðilegt og hagkvæmt, að Íslendingar takí virkan hátt í vðreisnaráformum Vestur-Evrópuríkjanna.

Afstöðu ísl. kommúnista til viðreisnaráformanna telur þingið markaða af þjónustu við erlenda hagsmuni, sem ekki geti samrýmt ísl. sjónarmðum og hagsmunum.

#### SJÁVARÚTVEGSMÁL

Þingið lýsir ánaegju sinni yfir hinum stórvíku framkvæmdum á sviði sjávarútvegsins, sem Sjálfstæðisflokkurinn hefir haft forgöngu um.

Þingið fagnar mjög þeim skilningi, sem ráðið hefir í framkvæmd þeirra mála, að beina opinberri aðstoð eindregið til eflingar einkaframtakinu og margvislegrar fyr'greiðslu við einstaklunga og félög þeirra til þess að eignast og reka ný fram-

leiðslutæki á sviði sjávarútvegsins.

Lögð verði áherzla á framhald þessarar stefnu, en ríkisvaldið leggi jafnframt megináherzlu á þær framkvæmdir, sem hafa alþjóðarþýðingu til grundvallar útgerðinni, svo sem hafnargerðir, fiski- og hafrannsóknir, fiskiðnaðarrannsóknir og öflun markaða.

Keppt verði að því, að staðsettning hverskonar fiskiðnaðarfyrirtækja og stórútggerðar miði að því, að aukið jafnvægi skapist á vinnumöguleikum almennings í landinu, og komið verði þannig í veg fyrir hættulega fólksfjölgun örfárra staða.

Þingið telur, að við úthlutun þeirra 10 togara, sem ríkisstjórnin samdi um smiði á síðastliðið sumar, komi ekki annað til greina, en að útgerðarstaðir utan Reykjavíkur verði látnir sitja í fyrirrumi.

#### LANDBÚNAÐARMÁL

Þingið telur nauðsynlegt, að haldið verði áfram að vinna að því, að afla bændum nýrra framleiðslutækja og koma landbúnaðinum í nýtzku horf, svo að lækka megi framleiðslukostnað landbúnaðarafurða til hagsbóta fyrir framleiðendur sjálfa og neytendur.

Þingið telur, að eftirleiðis

komi ekki til greina að veita öðrum en þeim, sem landbúnað stunda, innflutnings- og gjald-eyrisleyfi fyrir jeppabifreiðum.

Þingið telur þjóðarnauðsyn, að flótti fólksins úr sveitum landsins verði hið bráðasta stöðvaður. Álitur þingið, að það verði helzt gert á þann hátt að:

- 1) Bætt verði húsakynni þeirra, sem í sveitum búa.
- 2) Steftnt verði að því, að rafmagn og sími komist inn á sem flest sveitaheimili.
- 3) Samgöngur verði sem greiðastar svo að bændur eigi hægar með að koma framleiðsluvorum sínum frá sér, og eigi auðveldara með alla aðdrætti.
- 4) Greitt verði fyrir myndun sveitaþorpa, þar sem þéttbýllskilyrði eru fyrir hendi.

Þingið álítur að stuðla beri að því að sérhver grein landbúnaðarins sé fyrst og fremst stunduð þar sem skilyrði eru fyrir hendi.

Þingið telur aðkallandi að athuguð séu hið fyrsta skilyrði til að reisa áburðarverksmiðju hér á landi.

Þingið telur, að einstaklings- og athafnafrelsi verði það afl, sem fyrst og fremst muni byggja upp sveitir landsins og fordæmir alla viðleitni, sem gerð kann að

verða af hálfu hins opinbera í þjóðnýtingarátt.

#### IÐNAÐARMÁL.

Þingið telur að efla beri sem mest þann innlenda iðnað, sem hefir í för með sér gjaldeyrisparnað og gjaldeyristekjur. Í því sambandi sé lögð áherzla á þá nýsköpun í iðnaðinum, er miðar að því að vinna frekar en nú er, úr afurðum vorum til lands og sjávar, og kannað verði rækilega, hvort ekki sé mögulegt og hagkvæmt að hagnýta ýmiss konar ísl. jarðefni til iðnaðar.

Tryggt sé að iðnaðurinn njóti jafnréttis við aðra höfuðatvinnu vegi þjóðarinnar varðandi lánskjör og tolaávilnanir.

Sérstök áherzla sé lögð á það, meðan hömlur eru á innflutningsverzluninni, að úthlutun innflutningsleyfa sé hagað þannig, að iðnaðurinn verði eigi fyrir tjóni vegna hráefnaskorts, eins og nú á sér stað.

Þingið telur, að iðnaðurinn hafi orðið útundan við nýsköpun atvinnuveganna og skorar á þing og ríkssstjórn að gera ráðstafanir til úrbóta.

Þingið leggur sérstaka áherzlu á það, að ungu mönnun með hæfileika og áhuga á tæknilegum efnum verði gert mögulegt að afla sér þeirra sér-

menntunar, er atvinnuvegina vanhagar um.

Einnig að menntunarskilyrði iðnaðarmannastéttarinnar séu gerð sem bezt, meðal annars með því að ríkið komi hér á fót tekniskum skóla samskonar og starfa í nágrannalöndunum. Að ríkið taki nú þegar við rekstri iðnskóla landsins, og þeim verði sett löggjöf sem öðrum ríkiskólum.

Þingið telur brýna nauðsyn á því, að gerð verði tilraun með verknámskóla, og með því fengin vissa um, hvort æskilegt sé að breyta iðnkennslufyrirkomulaginu í landinu með það fyrir augum að fá betri iðnaðarvinnu og iðnaðarframleiðslu.

Þingið fordæmir innflutning á fullunnum iðnaðarvörum, sem unnt er að framleiða í landinu sjálflu.

#### VERZLUNARMÁL.

1) Þingið telur nauðsynlegt, að alri óþarfa íhlutun hins opinbera, sem hefir verði mjög áberandi hin síðustu ár, verði nú þegar létt af verzlun landsmanna, og að verzlunarstéttinni verði gefið meira frjálsræði varðandi stjórn verzlunarmálanna. — Það varar einnig við einkasölu og hverskonar ríkisverzlun.

- 2) Þingið skorar á Fjárhagsráð og viðskiptaneftnd að framfylgja settum lögum um Fjárhagsráð um úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa svo og vörudreifingu.
- 3) Þingið skorar á þingmenn Sjálfstæðisflokkssins að beita sér fyrir setningu lagaákvæða, er skuldbindi Viðskiptaneftnd til þess að gefa, eigi sjaldnar en ársfjórðungslega, opinbera skýrslu um veitingar og synjanir gjaldeyris- og innflutningsleyfa.
- 4) Þingið telur sjálfssagða samkeppni milli einkafyrirtækja, hlutafélaga og samvinnufélaga á jafnréttisgrundvelli, og að stefna beri að því að afnema það misrétti, sem nú ríkir milli þessara aðila, sbr. núgildandi skattaákvæði.

Þingið vitir allar tilraunir í þá átt að nota samvinnufélög til framdráttar ákveðnum stjórnþálflokkum.

- 5) Þingið beinir því til skömmunarýfirvaldanna að þau geri skömmtunarkarfið einfaldara, og sanngjarnara og krefst samræmis á útgáfu skömmtunarseðla og innflutningi skömmtunarskyldra vara.

6) Þingið leggur áherzlu á, að eng'r einokunarhringir fái að þrifast í þjóðfélaginu.

- 7) Keppa ber að öflun markaða fyrir afurðir landsmanna í sem flestum löndum, sem svo á hinn bóginn gæti stuðlað að hagkvæmari vöruinnkaupum t'l landsins, en ef útflutningurinn væri einskorðaður við einhver mjög takmörkuð landsvæði.
- 8) Þingið bendir á, að verzlunarhöftin draga ætíð úr þeiri samkeppni, sem nauðsynlegt er að ríki í viðskiptalifinu, og afskipti ríkisvaldsins af þessum málum hafa stundum orðið með þeim endemum, að þeir hafa borð mest úr býtum, sem hafa gert óhagstæðstu innkaupin.

#### FJÁRMÁL OG SKATTAMÁL.

Þingið á itur að keppa beri að því að gera allan opinberan rekstur einfaldari, og draga bannig úr hinum hóflausu útgjöldum ríkisins, sem hingað til hefir verið varið til stjórnar opinberra mála.

Þingið skorar á ríkssstjórnina að hefja þegar í stað raunhæfar aðgerðir í þá átt, að lækka hina miklu verðþenslu, sem nú ríkir í landinu og skapa þannig sem

mest jafnvægi milli vörverðs og kaupgetu almennings.

Skattalöggjöfin sé endurskoðuð með það fyrir augum, að árangur sá, sem náiðist með eignakönnuninni um s. l. áramót, komi að sem beztum notum, og tryggi þar með rétt framtöl, sem aftur á móti munu hafa í för með sér hlutfallslega skattalækkun á almenningi.

Pingið telur, að skattabyrðar einstaklinga og félaga annarra en samvinnufélaga, séu orðnar óbærilegar og standi heilbrigðum atvinnurekstri fyrir þrifum. Pingið skorar á ríkisstjórnina að taka skattalöggjöfna til rækilegrar endurskoðunar á þessum vetri og athuga þá sérstaklega möguleika á lækkun skattanna. Pingið telur það sérstaklega óréttlátt og beinlinispjóðhættulegt að skattlagðar séu tekjur, sem menn hafa af vinnu sinni við að koma upp eigin húsakynnum.

Einnig telur þingið ósann-gjarnit að leggja saman tekjur hjóna við skattaálagningu.

Einnig telur þingið, að löglleiða beri hærri frádrátt fyrir þá skattgreiðendur, sem hafa ómaga á framfæri.

Pingið leggur sérstaka áherzlu á að samræma beri skattskyldu einstaklinga, hlutafélaga,

samvinnufélaga og annarra heildarsamtaka.

#### MENNTAMÁL.

Pingið telur æskilegt að auka fræðslu og menntun landsmanna og að hlynna beri að listum og ví sindum. Unnið verði að því, að allir æskumenn, sem áhuga hafa á framhaldsnámi og eru til þess hæfir, fái notið þess, en enginn verði frá að hverfa vegna efna-skort.

Pingið telur óheppilegt að fela litt menntuðum mönnum yfir-stjórn skólamálanna. Einnig telur þingið nauðsynlegt, að nýja fræðsluöggjöfin verði endurskoðuð af þeim mönnum, sem mesta reynzu hafa og þekkingu í þeim efnum. Pingið vitir af-nám gagnfræðadeildar við Menntaskólanum á Akureyri og telur varhugavert að lengja skólastylduna, eins og gert er ráð fyrir í nefndri löggjöf.

Pingið telur að fjölga þurfi deildum við Háskóla Íslands og þá sérstaklega i atvinnufræðum og öðrum hagnýtum greinum. Einnig beri að hlúa að sérskólum og auka sem mest starfsgetu þeirra.

Pingið telur æskilegt að upp verði tekin í skólum landsins kennsla og æfingar i ræðuhöldum og framsögu og að auka beri stíla- og ritgerðakennslu.

Loks telur þingið heppilegt, að kr. stindómsfræðsla fari fram í barnaskólam með líku sniði og verið hefir og að teknar séu upp guðsbjónustur við æðri skóla.

#### LANDHELGISMÁL.

Pingið telur að þegar í stað beri að hefjast handa um að fá viðurkenningu erlendra ríkja á rýmkun isl. fiskveiðalandhelginnar og að þá lágmarkskröfum verði að gera, að allir firðir og flóar teljist innan landhelgi, en auk þess nái landhelgi fjórar sjómiður út frá yztu annesjum, eyjum og hólmum um stóra-straumsfjöru.

Pingið vitir harðlega það ófremdarástand, sem rikt hefir í landhelgisgæzlunni, en telur kaup hins nýja strandgæzluskip spor í rétta átt. — Pingið leggur til að landhelgisgæzan verði sett undir sérstaka, á-byrga stjórn undir yfirstjórn dómsmálaráðherra.

#### SAMGÖNGUMÁL.

Pingið leggur áherzlu á, að samgöngur séu sem behtar og greðastar um land allt. Það á-litur að eitt höfuðskilyrði til þess, að byggðin dragist ekki saman sé að samgöngur séu sem beinastar og ódýrastar við hina einstöku landshluta.

#### Pingið leggur til

- 1) Að upp verði tekin sú til-högum á siglingum til hinna einstöku landshluta, sem hér tiðkaðist fyrir styrjöldina, að beinar ferðir verði frá útlöndum til helztu verzlunarhafna landsins.

Pingið telur að leggja beri mik'a áherzlu á hafnar-gerðir og lendingarbætur og viðhald hafnarmannvirkja. Hins vegar telur þingið, að gæta beri meiri hagkvæmni og forsjálni við hafnargerðir og lendingarbætur, en verið hefir hin síðstu ár.

- 2) Hraða beri vegaframkvæmd um eftir föngum, þannig að mest áherzla verði lögð á að koma helztu samgönguleðunum í viðunanlegt horf. Einnig telur þingið nauðsynlegt, að afskekktar sveitir og byggðaröög verði sem fyrst tengd við akvegakerfi landsins, þar sem samgöngu örðugleikar virðast hamla eðlilegri þróun byggðanna.

Pingið skorar á stjórnar-og gjaldeyrsvöldin að veita rifleg leyfi til kaupa á hrað-virkum vélum til vegagerða, og að láta athuga, hvort ekki sé framkvæmanlegt og hagkvæmt, að helztu vegir verði steinsteyptir.

- 3) Að flugsamgöngur verði

auðveldaðar og gerðar öruggari með flugvallagerð, þar sem góð skilyrði eru fyrir hendri. Sérstaklega vill bingið benda á nauðsyn þess að flugvellir verði gerðir í Skagafjarðarsýslu, Húnvatnssýslu, við Blönduós, í Borgarfjarðarsýslu og að bætt verði lendingarskilyrði við Akureyri. Að slikum lendingarstöðum fyrir flugvélar á þessum stöðum yrði gifurleg samgöngubót, auk þess sem flugleiðin milli Akureyrar og Reykjavíkur yrði stórum öruggari. Þingið telur, að vanda beri sem mest til menntunar flugmannsstéttarinnar og haft verði strangara eftirlit með því, að einungis hafir og traustir menn ráðist til starfans.

- 4) Að samgöngur allar og samgöngubætur séu ávallt miðaðar við hagsmuni almennings, og að fyllsta öryggis sé ávallt gætt hvort sem um er að ræða samgöngur í lofti, á láði eða legi og notuð séu hin fulkommstu öruggistæki, sem völ er á.

Þingið mælir endregið gegn því, að ríkið taki að sér fólks- og vöruluflutninga, nema þar sem einstaklingar

og félög fást ekki til þess að annast flutningana.

#### AÆTLUN

#### RÍKISSTJÓRNARINNAR.

Þingið lýsir eindregnum stuðningi við áætlanið ríkisstjórnarinnar um stórfelldar framkvæmdar á næstu árum til eflingar atvinnuvegum þjóðarinnar, svo sem aukningu fiskiskipaflotans og fiskiðjuvera, mikla fjölgun margvislegra landbúnaðartækja, stórfelldar raforkuframkvæmdir, byggingu áburðarverksmiðju, sementsverksmiðju, aukningu landbúnaðarframleðslunnar o. fl. Heitir bingið á þjóðina að styðja einhuga allar nauðsynlegar ráðstafanir til tryggingar þessum mikilvægu framkvæmdum.

#### FÉLAGSMÁL.

##### 1. Íþróttamál.

Þingið tefur að auka beri fjárvéitingar til íþróttamála og einkum sé styrkt íþróttastarfsemi kauptúna og sveita, þannig að sem flestum æskumönnum landsins gefist kostur á að iðka íþróttir sér til likamsræktar.

##### 2. Heilbrigðismál.

Þingið fagnar byggingu fjórðungssjúkrahúss á Akureyri og hvetur til samskonar bygginga í öðrum landsfjórðungum, utan

Reykjavíkur. Jafnframt telur þingið, að vinda beri bráðan bug að því, að lagfært verði það vandræðaástand, sem nú rikir í hinum læknislusu héruðum landsins; einnig að bætt verði námsskilyrði hjúkrunarnema.

##### 3. Húsnaðismál.

Þingið telur að nauðsyn sé á að bæta húsakynni í sveitum og kauptúnum landsins, þar sem strjálbýið hefir dregið langt aðfyrir úr höfuðstaðnum í þeim efnum. Með því móti verði og helzt komið í veg fyrir flóttu fólks úr sveitum til hinna stærri bæja. Í þessu skyni verði sveitir og bæjarfélög utan Reykjavíkur látin sitja fyrir með veitingu fjárfestingarleyfa til húsabygginga og séð verði svo um, að altaf sé fyrirriggjandi nægilegt efni til þeirra bygginga, sem heimilaðar hafa verið. Þingið vil sérstaklega vekja athygli á því, að byggingarefni og ýmislegt, sem þarf til húsagerða og innréttингa hefir ekki fengið á stöðum utan Reykjavíkur og virðist svo, sem Reykjavík hafi setið fyrir við úthlutun og útvegun þessara nauðsynjavara.

Þingið tekur skýrt fram, að æskilegt sé að ibúar höfuðstaðarins búi við sem bezt húsakynni, en hins vegar beri þeim ekki nein forréttindaaðstaða fram yfir aðra landsmenn.

#### KRISTINDÓMUR OG KIRKJUMÁL.

Þingið lýsir yfir eindregnum stuðningi sínum við kristindóm og kirkju.

Þingið leggur til, að kristindómsfræðsla verði aukin í skólam landsins, einkum í framhaldsskólunum, þar sem guðfræðingar yrðu látnir annast fræðsluna.

Þingið telur það mikið upp e'dis- og menningaratriði, að starfsmenn kirkjunnar hafi sem mest afskipti af málefnum æskunnar.

#### VERKALÝÐSMÁL.

Þingið fagnar því, að einræði kommúnista í Alþýðusambandi Íslands skuli vera lokið. Telur þingið beina afleiðingu af þessu, að teknar verði upp hlutfallskosningar innan verkalyðssamtakanna, enda myndi slikt kosningafyrirkomulag mjög greiða fyrir einlægni í samvinnu verkamanna úr ýmsum flokkum fyrir hagsmunamálum sínum.

Þingið álitur brýna nauðsyn á, að samrýmt verði kaupgjald á öllu landinu og skorar því á næsta Alþýðusbandsþing að taka kaupgjaldsmál'in til ræklilegrar endurskoðunar með þetta fyrir augum, þar sem það hefir komið í ljós, að ríkjandi ósamræmi í kaupgjaldsmálum er til

stórskaða og hefir oft og tíðum komið af stað vinnudeilum.

Þingið ítrekar fyrri ályktanir Sjálfstæðismanna um hlutdeildarfyrikomulag í atvinnurekstri, þar sem því verður við komið.

#### OPINBER AFSKIPTI OG STARFSMANNAHALD

Þingið telur mjög varhuga-verða hina síauknu útþenzzlu ríkisvaldsins og vaxandi afskipti þess á flestum sviðum. Umsvifa-sein skrifstofubákn hafa verið sett á stofn með ærnum til kostnaði, er jafnframt hafa tekið starfskrafta frá framleiðslunni. Þessi þróun hlýtur að stórauka skattabyrðar þegnanna.

Þingið beinir þeiri málaleitun til ríkisstjórnarinnar að gefin verði út opinber skýrsla, sem tilgreini fjölda opinberra starfsmanna í hverri grein, kaup þeirra og launakjör. Telur þingið að vinna beri að því, að fækka opinberum starfsmönnum og nefndum og draga verulega úr skriffinnskunni.

Þingið beinir sérstaklega þeiri áskorun til Sjálfstæðisfloksins, sem jafnan hefir haft sparnað í opinberum rekstri á stefnuskrá sinni, að hann taki að sér forustuna í að koma málum þessum í vðunanlegt horf.

Þingið te'ur það miklu varða, meðan nauðsynlegt er talið að

hafa eftirlit með innflutningi, gjaldeyrismeðferð og fjárfestingu, að eftirlit þetta verði sem einfaldast í framkvæmd. Telur þingið brýna nauðsyn að breyta verulega skipan þessa eftirlits frá því sem nú er.

#### DREIFING

#### OPINBERS VALDS.

Þingið tekur undir þá ályktun síðasta þings S. U. S., að þjóðinni stafi hætta af staðsetningu alls opinbers valds í Reykjavík og æskilegt sé að auka verulega vald héraða — í sérmálum einstakra landshluta. Skorar þingið eindregið á Alþingi að taka þessi mál til itarlegrar athugunar í sambandi við endurskoðun stjórnarskrárinnar, og annarrar löggjafar hér að lútandi.

#### FÉLAGS- OG MENNINGARHEIMILI ÆSKUNNAR.

Þingið fagnar því, að náðst hefir verulegur árangur í því baráttumáli ungra Sjálfstæðismanna að félög og félagsamtök æskunnar í sveitum landsins séu af opinberri hálfu styrkt til þess að koma sér upp félagsheimilum.

Þingið skorar á bæjarfélög að koma sér upp æskulýðsheimilum, þar sem æskan geti varið tómstundum sínum til gagnlegra iðkana og náms.

PESSIR fulltrúar sátu fjórðungsþing ungra Sjálfstæðismanna á Norðurlandi:

#### Frá „Jörundi“ F. U. S. A.-Hún.:

Konráð Diómedesson  
Ævar Ísberg  
Pétur Sæmundsson.

#### Frá F. U. S. Skagaströnd:

Gunnar Þórðarson  
Þorfinnur Bjarnason.

#### Frá Vestur-Hún.:

Hálfdán Guðmundsson.

#### Frá S. U. S. Skagafirði:

Stefán Lárusson  
Björn Jónsson  
Valgarð Björnsson  
Halldór P. Jónsson.

#### Frá „Víkingi“ F. U. S.

#### Sauðárkróki:

Þorvaldur Ari Arason.

#### Frá F. U. S. Siglufirði:

Ólafur Einarsson  
Lúllý Einarsdóttir  
Artúr Sumarliðason  
Hákon Hertervig.

#### Frá „Garðari“ F. U. S.

#### Ólafsfirði:

Þorsteinn Jónsson  
Jón Ólafsson  
Magnús Stefánsson  
Helga Edvaldsdóttir  
Birg'r Jóhannsson  
Sigurveig Jónsdóttir.

#### Frá „Baldri“ F. U. S. Dalvík:

Eyvör Stefánsdóttir  
Hjálmar Júlíusson.

#### Frá S. U. S. Eyjafjarðarsýslu:

Pormóður Helgason

Þórður Þorláksson  
Gunnar Jónsson  
Kristján Pálsson.

#### Frá Húsavík:

Einar Örn Björnsson  
Pál Þór Kristinsson  
Örn Fröriksson.

#### Frá Suður-Þing.:

Guðm. Sveinn Jónsson.

#### Frá Norður-Þing.:

Björn Þórhallsson  
Friðrik Þórhallsson.

#### Frá „Verði“ F. U. S. Akureyri:

Eggert Jónsson  
Jónas G. Rafnar  
Gylfi Pálsson

Óskar Friðriksson  
Jón Ben. Ásmundsson

Kristinn Sigurðsson  
Lárus Helgason

S'gurður Helgason  
Sigurpál Helgason

Jóhanna G. Pálsdóttir  
Gunnar Árnason

Halldór Kristjánsson  
Guðný Björnsdóttir

Magnús Jónsson  
Sigurður Ringsteð

Kristján Sigurðsson  
Árni Árnason

Guðfnnur Magnússon  
Gunnar G. Schram

Magnús Óskarsson  
Hugi Ásgrimsson

Snorri Kristjánsson.



M E M O R A N D U M

um verzlunarmál á Austurlandi o.fl.

Samkvæmt ósk miðstjórnar áttu formaður skipulagsnefndar og framkvæmdastjóri flokksins viðtal við Einar Sigurðsson, frambjóðanda flokksins í Suður-Múlasýslu, um nauðsynlegar ráðstafanir í héraðinu í verzlunarmálum og á öðrum sviðum til eflingar aðstoðu flokksins. Með Einari mætti til viðtalsins, samkvæmt hans ósk, Einar Guðjónsson, forstjóri véldismiðjunnar Bjarg, Viðtalið fór fram föstudaginn 8. ágúst.

Einar Sigurðsson lagði áherzlu á þrjú mál, sem koma yrði í framkvæmd, ef von ætti að vera um aukin áhrif flokksins í Suður-Múlasýslu:

1. Bætt verzlunaraðstaða á Reyðarfirði.
2. Sparisjóður á Héraði.
3. Aðstaða til fiskkaupa á Norðfirði.

Ekki virðist á þessu stigi tímabært að taka þriðja atriðið til meðferðar, því að hugmyndir um þá framkvæmd eru ekki fast mótaðar.

Varðandi annað atriðið hefir þegar verið veitt sú aðstoð, sem á þessu stigi er unnt að veita. Höskuldur Ólafsson, sparisjóðsstjóri, var fenginn til að fara austur um verzlunarmannahelgina til þess að gefa mönnum upplýsingar og leiðbeiningar um sparisjóðsstofnun og var kjörin nefnd áhugamanna eystra til þess að vinna að framgangi malsins.

Um fyrsta atriðið, bætta verzlunaraðstöðu á Reyðarfirði, gefur Einar Sigurðsson, þessar upplýsingar:

Haldið hefir verið að undanförnu áfram athugun á því, hversu til-takilegast væri að sporna við fótum á verzlunarsviðinu í Suður-Múla-sýslu, í framhaldi af fyrri viðræðum um það efni, bæði við formann skipulagsnefndar og framkvæmdastjóra flokksins. Þar sem aðalverzlunar-vald Framsóknar er á Reyðarfirði, er nauðsynlegt að gera sérstaklega þar einhverjar gagnráðstafanir. Tvað einstaklingsverzlanir eru nú á Reyðarfirði, verzlun Kristins Magnússonar, sem hefir slátrunnarleyfi, og verzlun Arnþórs Þórólfssonar. Verzlun Kristins stendur á gömlum merg, en er þó máttlitil og hefir ekki megnat að spryrna að neinu ráði gegn áhrifavaldi kaupfélagsins og slátrun mun ekki ná 2000 fíjár á ári. Verzlun þessi er illa staðsett í kauptúninu. Kristinn Magnússon er örðinn roskinn maður og nýir aðilar yrðu því að taka við verzluninni. Því myndi fylgja kaup a eignum verzlunafinnar, sem raunverulega eru ekki mikils virði, en ekki mun þó auðið að fá nema fyrir allhátt verð.

Væri pannig fest mikið fé, en hins vegar óhjákvæmilegt vegna legu verzlunarinnar að byggja nýtt verzlunarhús á hentugri stað í kauptúninu. Arnpór Þórólfsson er ungar maður og mjög ötull flokksmaður. Verzlu hans er lítil, en hann hefir aðstöðu á góðum stað í kauptúninu.

Að öllu athuguðu telur Einar Sigurðsson æskilegast að efla verzlu, sem yrði fyrst um sinn að minnsta kosti á nafni Arnpórs Þórólfssonar. Fyrsta skrefið er að reisa samilegt verzlunarhús, sem þegar hefir verið teiknað, og Einar í Bjargi hefir þegar átt frumkvæði að pöntun á ýmsu efni til byggingarinnar. Telja þeir nafnar mikilvægt að koma þessu húsi upp fyrir haustið. Hefir vélsmiðjan Bjarg lofað ýmissri fyrirgreiðslu í því sambandi. Til þess að koma þessu húsi upp og fullbúa það til verzlunar, eru taldar þurfa allt að 500 þús. kr.

Til athugunar hefir komið í þessu sambandi stofnun verzlunarfélags, en Einar Sigurðsson telur tómt mál að tala um það, fyrr en það hefir sýnt sig að þessi tilraun gefi góða raun. Er gengið út frá því við Arnpór, að verzlunin verði yfirfærð á verzlunarfélag síðar, ef heppilegt þætti.

Forsenda þessara frumkvænda er, að takist að fá nauðsynlegt fjármagn til byggingarinnar. Óskar Einar Sigurðsson mjög eindregið eftir aðstoð miðstjórnarinnar í því efni og telur nauðsynlegt að fá nú þegar að minnsta kosti 200 þús. kr. Býost Einar til þess að ganga personulega í abyrgð fyrir því fé, sem lánað yrði til byggingarinnar.

Birgir Kjaran  
Magnús Jónsson